

SHALDÖR
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is



Endurnýtir kaffipoka

Kristín Guðmundsdóttir heldur námskeið þar sem gamlir kaffipokar eru endurnýttir og úr þeim mótaðir hinir ýmsu hlutir.



FÓLK

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

3. september 2012
206. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ A ÍSLANDI*

*Samkvæmt reitnafrakörnum Capacent Gallup í maí - maí 2012

Börn sem sjá heimilisofbeldi skortir aðstoð utan dagvinnu

Forstjóri Barnaverndarstofu segir að börn sem verða vitni að heimilisofbeldi fái áfram sértæka aðstoð. Útfærsluatriði hvernig að því verður staðið. Bakvaktakerfi barnaverndarnefnda sveitarfélaga víða í molum.

FÉLAGSMÁL Þjónusta barnanefndarnefnda, utan dagvinnutíma, er víða um land með öllu óviðunandi. Vilji er til að halda áfram tilraunaverkefni Barnaverndarstofu (BVS) vegna heimilisofbeldis.

Þetta kemur fram í máli Braga Guðbrandssonar, forstjóra BVS, í viðtali við Fréttablaðið en tilraunaverkefni vegna heimilisofbeldis á vegum stofnunarinnar hefur staðið í tæpt ár.

Hefðbundin íhlutun barnaverndarnefnda vegna heimilisofbeldis er fólgin í því að einn starfsmaður frá barnaverndinni kemur inn á heimilið, ásamt lögreglu; reynir að sætta deiluaðila og sinna málinu að öðru leyti.

Rannsóknir hafa hins vegar sýnt, bæði hér og erlendis, að

Áfallstuðningur fyrir þessi börn mun halda áfram, hvernig sem það verður útfært. Það þori ég að fullyrða.

BRAGI GUBBRANDSSON
FORSTJÓRI BARNAVERNDARSTOFU

foreldrar sem í hlut eiga eru svo þurftarfrekir á athygli að börnin verða útundan. Tilraunaverkefnið snýst um að veita börnunum sérstaka athygli. „Starfsmanni okkar var fyrst og síðast ætlað að meta líðan barnsins, fá fram upplifun þess og sjónarmið.“

Verkefnið er á skjön við hefðbundna verkaskiptingu ríkis og

sveitarfélaga í barnaverndarmálum. Meginreglan er sú að barnaverndarnefndir sveitarfélaganna eiga að sinna útköllum utan dagvinnutíma, ef börn eru í hættu eða búa við óviðunandi skilyrði á einhvern hátt.

„Vandamálið hefur hins vegar verið að bakvaktþjónustunni vítt og breitt um landið er ábótavant. Sums staðar er þetta algjörlega óviðunandi, jafnvel í fjölmenninu hér á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Bragi.

Bragi telur að tilraunaverkefnið hafi þegar sannað að þessi þjónusta verður að vera til staðar. Óvíst sé hvort Barnaverndarstofa eða barnaverndarnefndir sveitarfélaganna sinni því.

„En áfallstuðningur fyrir þessi

börn mun halda áfram, hvernig sem það verður útfært. Það þori ég að fullyrða.“

Bragi segir að draumur hans sé að hægt sé að bjóða sértæka sálsgæslu fyrir börn um allt land. Það sé hins vegar flókið, enda séu innviðir sveitarfélaganna ólíkir.

„Hins vegar, í ljósi óhugnadarins sem þessi börn upplifa, er það fráleitt að þetta skuli ekki hafa verið í viðunandi horfi í gegnum árin. Það dettur engum annað í hug en að hjálpa barni sem hefur verið beitt líkamlegu ofbeldi. Hvers vegna ættum við ekki að tryggja bráðþjónustu til barna sem er limlest á sálinni? Málið snýst einfaldlega um geðheilsu þessara barna og framtíð þeirra alla.“

- shá / sjá síðu 10



Stefni í metaðsókn

Frosti Jónsson skipuleggur vinsæla háttíð fyrir bangsalega homma.

Fólk 30

Fær þakkir fyrir Mola

Eiður Svanberg Guðnason skrifar sinn þúsundasta mola um málfar og miðla í vikunni.

tímamót 16




Stjarnan í Evrópusæti

Stjarnan skaut í þriðja sætið með sigri á Val og Selfoss skellti KR-ingum.

sport 26

veðrið í dag



RIGNING UM ALLT land SA- eða A-átt 5-15 m/s með N-ströndinni fyrripart dags en hægari síðdegis. Gengur í NA 8-20 m/s í kvöld. Hiti 7-13 stíg.

VEÐUR 4



Stóð við stóru orðin: Jón Margeir vann gullið

ÓLYMPIUMÓT Jón Margeir Sværissón vann gullverðlaun í 200 metra skriðsundi í flokki S14 á Ólympíumótinu í London í gær.

Úrslitasundið var æsisþennandi en þegar upp var staðið hafði sundgarpurinn sett heimsmet og Ólympíumet á tímanum 1:59,62 mínútur.

„Ég er alveg að tjúllast. Þetta er svo æðislegt,“ sagði Jón Margeir í samtali við Fréttablaðið að lokinni verðlaunafhendingunni í gær.

„Það liggur við að ég þurfi að panta hjólastól. Ég er svo þreyttur,“ sagði Kópavogsbúinn 19 ára og viðurkenndi að tár hefðu fallið að sundinu loknu.

„Ég er búinn að skrá mig í sögubækurnar.“

Sjá síðu 24 / - ktd

Ráðherra segir alvarlegt að samninganefndarmaður væni sig um óheilindi:

Ögmundur gerði þrjá fyrirvara

STJÓRNSÝSLA Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra segist hafa gert fyrirvara varðandi aðildarviðræður við ESB á fundum ríkisstjórnarinnar í júlí og ágúst.

„Í fyrsta lagi við evruna, en ég hef talið fráleitt að við settum það í sérstakan forgang að taka upp evru hið fyrsta. Í öðru lagi er varðar afnám gjaldreyrishafta, en ég tel að við núverandi aðstæður sé það nánast ógerlegt, og í þriðja lagi varðandi gjaldeyrissamstarfið.“ Jafnframt hafi hann ítrekað fyrirvara Vinstri grænna um ferlið allt.

Þorsteinn Pálsson, fulltrúi í samninganefnd Íslands gagnvart ESB, sagði í grein í Fréttablaðinu á laugardag að aðildarviðræðunum væri sjálfhætt ef

fyrirvararnir, sem Ögmundur hefur áður vísað til, séu til marks um stefnu ríkisstjórnarinnar.

Ögmundur segir Þorstein lengi hafa verið með hnútukast að ráðherrum Vg, í ljósi þess að ríkisstjórnin sé ekki einhuga varðandi ESB-aðild. Hann segist geta tekið undir að það sé mótsagnakennd staða.

„Þegar hann fer að væna menn um að leika tveimur skjöldum, eins og hann hefur gert í skrifum sínum, þá fer gamanið að kárna. Í ljósi þess hef ég bent á að umræðurnar hafa farið fram og fyrirvararnir verið gerðir.“

- kóp, bþh / sjá síðu 4

Myndbönd yfir á DVD

Tilboð í september:

Öllum yfirfærslum fylgir hulstur og s/h prentun á disk og kápu

GAGNVIRKNI

www.gagnvirkni.is - 5174511

Hamraborg 1, Kópavogi

www.forlagid.is

Fantastur

Forvitnileg bók

kitlandi • dónalegar • rómantískar • forboðnar



SPURNING DAGSINS




Lára, verður þetta dans á rósum?

„Já, ég mundi segja að þetta verði dans á þyrnirósum en ég get lofað blómlegu dansári.“

Lára Stefánsdóttir er listrænn stjórnandi Íslenska dansflokksins. Í vetur verður boðið upp á fjölbreyttar danssýningar en Lára var ráðin nýverið.

Handtekinn í Kambódíu: Eigandi Pirate Bay handtekinn

SVÍÞJÓÐ Gottfrid Svartholm Warg, einn stofnenda sænsku torrent-síðunnar The Pirate Bay, hefur verið handtekinn í Kambódíu. Frá þessu var greint á vefsíðu BBC í gær.



GOTTFRID SVARTHOLM WARG

Alþjóðleg handtökuskiptun var gefin út á hendur Warg í apríl af sænskum stjórnvöldum vegna þess að hann gaf sig ekki fram þegar hann átti að hefja afplánuðs dóms vegna höfundarréttarbrota.

Svíar og Kambódíumenn hafa ekki gert með sér framsalsamning og því er óvíst hvernig mál Warg verður meðhöndlað.

Kynleg uppákoma hjá BIC: Grín gert að kvennapennum

TEKNI Milljónir kvenna um allan heim nota kúlupenna frá BIC án teljandi vandkvæða, að því vitad er. Því kom mörgum á óvart þegar BIC hóf nýlega sölu á sérstökum pennum fyrir konur.



Pennarnir eru bleikir og fjólu-bláir á lit og „sérhannaðir til að fara vel í höndum kvenna“.

Pennarnir vöktu mikið umtal og kátínu. Til dæmis er ógrynni ummæla á vef Amazon þar sem kaldhæðnin er allsráðandi. Sumar konur segjast fagna penninum, enda séu karlpennar allt of stórir, aðrar segjast of uppteknar við heimilistörf til að skrifa nokkuð og þar fram eftir götum.

Fjórir tólf til þrettán ára piltar réðust á sex ára gamlan strák og reyndu að stela af honum fótbolta: Þriggja piltar leitað eftir hrottalega árás á barn

LÖGREGLUMÁL „Þetta var alveg hræðilegt. Þegar ég kom á svæðið liggur drengurinn blóðugur á jörðinni og þeir hlupu í burtu,“ segir Þórarinn Engilbertsson knattspyrnuþjálfari. Hann varð vitni að fólkskulegri árás fjögurra 12 til 13 ára piltar á sex ára dreng.

„Ég náði að hlaupa einn þeirra uppi og í ljós kom að þeir vildu eignast bolta sem drengurinn átti.“

Þórarinn segir piltarnir hafa verið lafhræddan þegar hann náði honum. Foreldrar hans hafa verið látnir vita af atvikinu, en piltarnir voru allsgáðir við verknaðinn.

Við skoðun á spítala kom í ljós að drengurinn var bæði handleggs- og kinn-

beinsbrotinn. Þórarinn ræddi við foreldra hans og segist búast við að þeir ætli lengra með málið. Vitað er hver einn árásardrengjanna er og hinna er leitað.

Þórarinn var í heimsókn hjá móður sinni í Bökkunum þegar hann heyrði sáran grát berast frá fótboltavelli í grenndinni. Piltarnir fjórir höfðu þá sparkað sex ára drenginn niður. Litli drengurinn sagðist ekki hafa þekkt þá.

„Þetta var hryllingur. Ég er knattspyrnuþjálfari og vinn með börnum. Aðkoman var skelfileg og það tekur á að lenda í svona.“

Ekki náðist í Ómar Smára Ármannsson, vaktstjóra lögreglunnar í umdæminu, í gær.



DRENGUR Myndin, sem er sviðsett, er af dreng á svipuðum aldri og drengurinn sem ráðist var á.

Bæjarstjórnin biður undirmanni vægðar

Líta þarf til þess að bæjarstarfsmaður, sem sendur var í leyfi vegna mikillar eyðslu við sjónvarpsþáttagerð, hafi bjargað stórfé fyrir sveitarfélagið í hruninu, segir bæjarstjóri Hornafjarðar. Spólum ekki til baka, segir formaður bæjarráðs.

SVEITARSTJÓRNIR Hjalti Þór Vignisson, bæjarstjóri á Hornafirði, vill að starfsmaður sveitarfélagsins sem sendur var í leyfi vegna gríðarlegrar umframeyðslu bæjar-sjóðs í tengslum við gerð sjónvarpsþátta fái að snúa aftur.

Eins og fram hefur komið er kostnaður sveitarfélagsins vegna sjónvarpsþátta sem RÚV gerði á Höfn í júní áætlaður 13,8 milljónir króna. Aðeins hafði verið samþykkt að verja þremur milljónum í verkefni. Á bæjarstjórnarfundi 23. ágúst sagði Hjalti málið hafa verið „slitin út samhengi“ í fréttatflutningi.

„Mér finnst núna, eftir þennan fréttatflutning, í sjálfu sér algerlega verið nóg komið gagnvart þessum starfsmanni,“ sagði bæjarstjórnin og undirstrikaði ítrekað að það væri hann sjálfur sem bæjarstjóri sem bæri ábyrgð á stjórnsýslu sveitarfélagsins. Sín lífsspeki væri að allir gerðu mistök.

„Og það gerðu fleiri sín mistök en það er líka þannig, sérstaklega þegar menn iðrast, eins og ég vill meina að menn geri í þessu tilfelli – þá eiga menn skilið fyrirgefningu, menn eiga skilið svigrúm til þess að rísa á fætur og halda áfram,“ sagði bæjarstjórnin.

Hjalti sagði viðkomandi starfsmann hafa lagt gríðarlega hart að sér í störfum fyrir sveitarfélagið og haft meira á sinni könnu en nokkur annar starfsmaður sveitarfélagsins.

„Ég óska þess að viðkomandi starfsmaður fái núna það svigrúm – og fái aftur það traust til að fóta sig að nýju hér innan sveitarfélagsins,“ biðlaði Hjalti til bæjarfulltrúanna og nefndi dæmi

Axli pólitíska ábyrgð á sjónvarpsgerðingum

Bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokks segir framsóknarmenn, sem hafa meirihluta í bæjarstjórn Hornafjarðar, þurfa að skýra hvernig þeir sliki á axla pólitíska ábyrgð á því að stjórnsýsla sveitarfélagsins í tilfelli sjónvarpsþátta margfölduðust.



FRÉTTABLAÐIÐ 23. ÁGÚST, SÍÐA 6.

HJALTI ÞÓR VIGNISSON Bæjarstjórnin á Hornafirði segir málin hafa verið slitin úr samhengi í fréttatflutningi af margfaldrum umframeyðslu vegna sjónvarpsþátta.



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

um störf viðkomandi manns fyrir sveitarfélagið.

„Það var hann öðrum fremur í hruninu sem tryggði það að sveitarfélagið varði sínar peningalegu eignir. Það var þessi starfsmaður sem leitaði eftir upplýsingum í Landsbankanum um hvað væri að gerast með peningamarkaðssjóðina, fékk upplýsingar og við brugðumst við með þeim hætti að við færðum það inn í innlánsreikninga. Eigum við að stroka yfir þessi verk? Eða eigum við núna að segja: Heyrðu, ókei, hérna – þetta eru vextirnar af þessum tvö hundruð milljónum? Nei, ég bara, vitid það; við verðum auðvitað að gera málin upp í samhengi.“

Fulltrúar minnihluta í bæjar-

stjórn bentu á að aðeins fáum dögum fyrir upptökurnar hefði verið haldinn sérstakur fundur í bæjarráði um málið án þess að spilin væru lögð á borðið. „Það kom aldrei fram að við værum komin fram úr þeim fjárheimildum sem við höfðum áður samþykkt,“ sagði Björn Ingi Jónsson úr Sjálfstæðisflokkum og minnti á að framsókn væri með hreinan meirihluta í bæjarstjórn.

Reynir Arnarson, formaður bæjarráðs, sagði framsóknarmenn axla sína ábyrgð en ekki væri hægt að spóla til baka og byrja upp á nýtt. „Látum tímann leiða það í ljós hvernig þetta verk verður dæmt í framtíðinni,“ sagði Reynir.

gar@frettabladid.is

Forsætisráðherra Bretlands: Stokkar upp í ríkisstjórninni

BRETLAND David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, ætlar að stokka rækilega upp í ríkisstjórn sinni. Með þessu vill hann blása nýju lífi í stjórnina, sem hefur átt í vandræðum með að koma efnahagsmálum landsins í réttar horfur. Síðari hluti kjörtímabilsins í Bretlandi er að hefjast og vill Cameron skerpa á hlutum áður en þingkosningar verða á nýjan leik.



DAVID CAMERON

Á vefsíðu The Guardian segir að Cameron ætli að snúa aftur til þingsins í dag, tveimur vikum áður en þingflokkssfundir hefjast. Uppstokkun Camerons verður mun meiri en búist hefur verið við og talið er að fyrstu tíðindi þess efnis gætu borist í dag.

Alvarlegt ástand í Sýrlandi: Fimm þúsund féllu í ágúst

BEIRUT, AP Tveir hópar aðgerðarsinna segja að um fimm þúsund manns hafi verið drepnir í borgarastyrjöldinni í Sýrlandi í ágúst. Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna, UNICEF, telur að um 1.600 manns hafi farist bara í síðustu viku. Þetta eru hæstu dánartölurnar í landinu síðan uppreisnin hófst fyrir rúmum sautján mánuðum.

Samkvæmt aðgerðarsinumnum hafa um 26 þúsund manns samanlagt fallið í stríðinu. Styrjöldin breyttist í ágúst-mánuði þegar herliði forsetans Bashar Assad hóf lofthernað í fyrsta sinn í baráttu sinni gegn stjórnarandstæðingum.

Á brimbrettum úti fyrir Seltjarnarnesi og nýttu haustlægðina til að komast áfram: Aðstæðurnar góðar á Íslandi

ÍPRÓTTIR „Sjósport er vaxandi jadaríþrótt á Íslandi,“ segir ofurhuginn Janis Kozlovskis sem hélt sér í flugdreka og stóð á brimbretti við Seltjarnarnes.

Naprir haustvindar blésu í flugdrekan sem dró Janis áfram en hann létur kuldann ekki á sig fá og segist stunda sportið allan ársins hring.

„Fleiri og fleiri ferðamenn koma hingað til lands til að stunda þetta sport,“ segir Janis og fullyrðir að hér séu frábær skilyrði fyrir þetta jadaersport.

Janis ætlar á næsta ári að opna vatnasportskóla hér á landi en hann hefur búið á Íslandi í átta ár. Þó eru einungis tvö ár síðan hann hóf að stunda sjósportid en mikil vinna biður hans áður en draumurinn verður að veruleika.



HAUSTVINDARNIR NÝTTIR Ofurhugarnir klæðast þurrbúningum til að halda á sér hita falli þeir af brettinu og í sjóinn.

BRIDS SKÓLINN advertisement with text about courses and contact information.



Í HVAÐA SÆTI LENDIR ÞÚ?



Þú gætir lent í sæti aðstoðarökumanns á sérleið í alþjóðlega Shell V-Power rallyinu sem fram fer 6.-8. september í nágrenni Reykjavíkur

Allir sem taka eldsneyti á bensinstöðvum Shell fyrir 5. september og fylla út þátttökuseðil komast í pottinn. Tíu heppnir þátttakendur verða dregnir út og fá að sitja í sæti aðstoðarökumanns keppanda í Shell V-Power rallyinu á stystu sérleiðinni sem fer fram í Kópavogi 6. september.

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.skeljungur.is/VPower.



GENGIÐ 31.08.2012

GJALDMÍÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	121,63	122,21
Sterlingspund	192,64	193,58
Evra	153,05	153,91
Dönsk króna	20,539	20,659
Norsk króna	20,997	21,121
Svænsk króna	18,325	18,433
Japanskt jen	1,5465	1,5555

SDR 185,04 186,14

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

213,5922

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aukakirkjuþing haldið um helgina til að ræða sóknargjöld og breytingar sem lagðar eru til á stjórnarskrá:

Kirkjuþing krefst hækkunar sóknargjalda

ÞJÓDKIRKJAN Kirkjuþing krefst tafarlausrar leiðréttingar sóknargjalda frá ríkinu og lýsir yfir þungum áhyggjum af alvarlegri fjárhagsstöðu sókna landsins.

„Sóknir landsins hafa tekið á sig skerðingu eins og allir aðrir í þjóðfélaginu en sú skerðing hefur verið 25 prósent umfram stofnanir innanríkisráðuneytisins,“ segir í ályktun sem samþykkt var á aukafundi Kirkjuþings á laugardag.

Þingið var boðað til að ræða ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðslu um endurskoðun stjórnarskrárinnar að því er varðar ákvæði hennar um þjóðkirkjuna sem og þingsályktunartillögu um leiðréttingu sóknargjalda.

Þingið hvetur til þess að áfram verði ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskrá og að réttindi annarra trú- og lífsskoðunarfélaga verði tryggð.

Stöð 2 greindi frá því um helgina að Biskupsstofa opni síðar í þessum mánuði sérstakan upplýsingavef vegna þjóðaratkvæðagreiðslunnar. Á vefnum á almenningur að geta tekið til þess afstöðu hvort ákvæði um þjóðkirkju eigi að vera í stjórnarskrá Íslands.

Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands, sagði að ekki væri um áróður að ræða heldur upplýsingavef. „Við viljum eiga samtal við þjóðina. Við ætlum ekki að tala yfir þjóðina, við ætlum að eiga samtal,“ sagði hún. - sv



KIRKJUÞING Magnús E. Kristjánsson var kjörinn forseti kirkjuþings á laugardag, en Pétur Kr. Hafstein lét af störfum sem forseti fyrr á þessu ári. MYND/ÞJÓDKIRKJAN

Ríkisstjórnin bundin af samþykkt Alþingis

Aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið verður ekki hætt. Ríkisstjórnin er bundin samþykkt Alþingis um aðildarviðræður. Formaður utanríkismálanefndar vonast til að geta hafið umræður um sammingsferlið á nýju þingi.

STJÓRNSÝSLA Aðildarviðræðum Íslands við Evrópusambandið hefur ekki verið hætt. Þetta segir Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar Alþingis og þingmaður Vinstri grænna.

Þorsteinn Pálsson, fyrrverandi forsætisráðherra, skrifaði pistil í Fréttablaðið á laugardag þar sem hann vísaði í skrif Ögmundar Jónassonar, innanríkisráðherra, í blaðinu á miðvikudag. Ögmundur sagði að á ríkisstjórnarfundum í júlí og í ágúst hefðu verið settir þrjár fyrirvarar við sammingsmarkmiðin í peningamálum. Sá fyrsti væri að hér yrðu gjaldeyrishöft afnumin, annar væri að Ísland hefði aðlögunarferli að upptöku evru og þriðji væri upptaka evru.

Þorsteinn fjallar um skýrslu Seðlabankans um varúðarreglur eftir fjármagnshöft sem vísi til þess að ekki verði fallið frá gjaldeyrishöftunum í brád. „Það merkir að VG hefur í raun og veru stöðvað aðildarviðræðurnar í júlí,“ skrifar Þorsteinn og kallar eftir því að bókanir af fundum ríkisstjórnarinnar um málið verði opinberaðar til þess að eyða óvissu um framtíð aðildarviðræðanna. „Það er mikilvægt að menn átti sig á því að sammingsafstaða



STEFNA RÍKISSTJÓRNARINNAR Þorsteinn Pálsson (til hægri) heldur því fram að með bókun í ríkisstjórn sem Ögmundur Jónasson (til vinstri) fjallar um hafi aðildarviðræðum við ESB verið hætt. SAMSETT MYND

Íslands í einstökum köflum tekur mið af samþykkt Alþingis,“ segir Árni Þór og bendir á að ríkisstjórnin getur ekki tekið einhliða ákvörðun um aðildarviðræðurnar. „Það væri ekki hægt nema með aðkomu þingsins. Ríkisstjórnin er bundin af samþykkt Alþingis.“

Spurður hvort hann viti til þess að fyrirvararnir sem Ögmundur kynnti í grein sinni hafi verið bókaðir í ríkisstjórn, segir Árni Þór: „Mér er ekki kunnugt um að það hafi verið bókaðir neindir fyrirvarar í ríkisstjórn í júlí þegar afstaða til efnahags- og peningamála var afgreidd úr ríkisstjórn. Utanríkismálanefnd

eða okkar þingflokkur hefur ekki verið gerð grein fyrir því.“

Árni Þór bendir á að það megi vel vera að einstaka ráðherrar hafi reifað viðhorf sín almennt til málsins en fyrirvarar Vinstri grænna við inngöngu Íslands í ESB birtist í stjórnarsáttmálanum sjálfum.

Alþingi kemur saman á ný 15. september og Árni Þór segir að Evrópumálin verði enn á dagskrá. „Við teljum að það sé margt sem mæli með því að farið verði yfir stöðu málsins og rætt um framgang þess á næstu mánuðum. Ég vona að við getum farið í þá umræðu.“

birgirh@frettabladid.is



AÐSTANDENDUR Fjölskylda eins námuverkamannanna sem voru skotnir til bana af lögreglunni. MYND/AP

Saksóknari í Suður-Afríku: Fallið var frá morðákærum

JÓHANNESARBORG, AP Saksóknari í Suður-Afríku hefur dregið til baka morðákærum gegn 270 námuverkamönnum. Þeir voru sakaðir um að hafa átt þátt í dauða 34 samstarfsmanna sinna sem voru skotnir af lögreglunni í miðju verkfalli. Verkamennirnir höfðu krafist launahækkunar og vildu einnig stofna nýtt stéttarfélag.

Morðákærunum hafði verið mótmælt harðlega víða í Suður-Afríku, þar á meðal af stjórnmalaflokkum og verkalýðsfélögum. Ákæurnar byggðu á gömlum lagabókstaf frá tímum aðskilnaðarstefnunnar. Þau kveða á um að ekki megi ögra lögreglu á neinn hátt sem geti leitt til þess að hún hefji skothríð. - fb

AKUREYRI

Háskólinn 25 ára í gær

Háskólinn á Akureyri fagnaði 25 ára starfsafmæli sínu í gær. Í tilefni dagsins var leikrit sýnt í anddyri skólans, Hvannaldsbræður stígu á stokk og einnig var margvísleg dagskrá í boði fyrir börnin.

4 sýningar að eigin vali
Áskriftar-kortíð okkar
Leiklist 303 og 304 í Borgarholtsskóla

568 8000 | borgarleikhus.is

Borgarleikhúsið

VEÐURSPÁ

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

HAUST Haustlægðir með tilheyrandi úrkomu og vindi ráðandi næstu daga. Rigning um allt land í dag. Bætur í vind í kvöld og má gera ráð fyrir allhvössum vindi um mest allt land í nótt og N- og A-til fyrripart dags á morgun. Hiti 4-14 stig á morgun.

Á MORGUN 10-15 m/s NA-til í fyrstu, annars hægari

MIÐVIKUDAGUR 8-13 m/s V-til, annars hægari

HEIMURINN

Alicante	26°
Basel	25°
Berlín	22°
Billund	20°
Frankfurt	24°
Friedrichshafen	19°
Gautaborg	19°
Kaupmannahöfn	19°
Las Palmas	27°
London	24°
Mallorca	27°
New York	24°
Orlando	31°
Ósló	20°
París	23°
San Francisco	21°
Stokkhólmur	21°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

75 | ÁR Á FLUGI

BÆTTU SMÁ DENVER Í LÍF ÞITT

Verð frá **44.900** kr.
Þessi ferð gefur frá 2.700 til 8.100 Vildarpunkta aðra leiðina.



Útsýnið af Esjunni gæti ekki verið flottara

Þið njótið þess sannarlega að ganga upp að „Steini“ undir Þverfellshorni. En ykkur þætti örugglega jafngaman að rölja um Red Rocks Park, rétt hjá Denver. Stórfenglegar klettamyndanir úr rauðum sandsteini eru bara brot af því sem bíður útivistar- og skíðafólks í Denver. Og svo er borgin sjálf yndislegur staður – þó að hún standi auðvitað ekki við Sundin.

+ Bókaðu núna á icelandair.is

[f](#) [t](#) [You Tube](#) Vertu með okkur

ICELANDAIR 

KJÖRKASSINN



Hefur þú orðið var við fleiri hunda á höfuðborgarsvæðinu?

JÁ	65,8%
NEI	34,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á að vera ákvæði um þjóðkirkjuna í stjórnarskránni?

Segðu þína skoðun á Vísí.is

visir

Barack Obama móðgaðist ekki vegna umdeildrar ræðu á þingi repúblikana:

Er mikill aðdáandi Eastwood

WASHINGTON, AP Barack Obama, forseti Bandaríkjanna, kveðst mikill aðdáandi Clints Eastwood. Stutt er síðan Eastwood hélt umdeilda ræðu á flokksþingi repúblikana þar sem hann talaði um „hinn ósýnilega Obama“.

Í viðtali við USA Today segir Obama að Eastwood sé frábær leikari og jafnvel enn betri leikstjóri. Spurður hvort Eastwood hafi móðgað hann með ræðu sinni vildi Obama lítið tjá sig. Í ræðu sinni talaði Eastwood við ímyndaðan Obama í tómmum stól áður en Mitt Romney, forsetaefni repúblikana, steig í pontu.

Vildi hann meina að Obama hefði mistekist að standa við gefin loforð. „Ef þú móðgast auðveldlega ættirðu líklega að velja þér annan starfsveitvang,“ sagði Obama um ræðuna.

Kosningabaráttan í Bandaríkjunum harðnar dag frá degi. Joe Biden, varaforseti Bandaríkjanna, sagði á kosningafundi í gær að Romney væri „tilbúinn til að fara í stríð í Sírylandi og Íran“. Hann bætti við að Bandaríkin hefðu verið að vinna sig út úr kreppunni síðan 2008 og Romney myndi snúa hlutunum í sama horf og áður ef hann tæki við embætti forseta.



BARACK OBAMA Forseti Bandaríkjanna segist mikill aðdáandi Clints Eastwood.

Ný náttúruverndarreglugerð:

Mývatn og Laxá vernduð

NÁTTÚRUVERND Óheimilt er að valda spjöllum, raska lífríki, jarðarmyndunum og landslagi á verndarsvæði við Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu. Forðast á að spilla vatnasviðinu sem raskað getur vernd svæðisins og þá sérstaklega gæðum og rennsli grunnvatns.

Umhverfisráðherra undirritaði í júlí nýja reglugerð um verndun svæðanna, með það að markmiði stuðla að verndun lífríkis, jarðmyndana og landslags Mývatns- og Laxársvæðisins.

Tíu ára uppgrefti við Kolkuós lokið

Sextán hundruð munir voru grafnir upp í fornleifauppgreftinum við Kolkuós í Skagafirði. Á tíu árum hafa 60 til 70 hús verið kortlögð. Ágangur sjávar mun á næstu árum eyða minjunum til frambúðar. Rannsóknin er einstök á Íslandi.

FORNLEIFAR Fornleifauppgrefti við Kolkuós í Skagafirði er lokið en hann hefur staðið yfir í tíu sumur. Um svokallaðan björgunaruppgröft er að ræða en uppgrafarsvæðið var á grönnum tanga sem ægir hefur gengið hratt á síðustu ár.

„Við höfum verið í rosalegu kapphlaupi við sjóinn því að hann hefur tekið mikið af minjum og öðrum menningarsögulegum upplýsingum síðan við byrjuðum að grafa árið 2003. Sennilega voru á bilinu 80 til 90 prósent af hinu forna athafnasvæði þegar horfin þegar við höfumst handa,“ segir Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur og aðjúnkt við Háskólann á Hólum, sem stjórnaði rannsókninni.

„Það sem er mikilvægast í þessu er að staðurinn var höfn Hólastaðar og þar áður kannski ein af fáum landnámsverslunarstöðum sem við vitum um,“ bendir Ragnheiður á. „Höfnin á Kolkuósi hefur verið í notkun sem uppskipunar- og verslunarstaður í meira en 500 ár.“

Um sextán hundruð munir hafa komið upp úr jörðinni, margir hverjir stórmerkilegir. Þá hafa 60 til 70 hús verið kortlögð á svæðinu, búðir sem hafa verið notaðar tímabundið á sumrin, en þar er að finna geymslu, eldhús, vinnubúðir og svefnbúðir.

Meðal þeirra muna sem fundust var akkeri úr smíðajárni sem talið er vera frá víkingaöld eða miðöldum. Akkerisfundurinn er talinn renna stöðum undir kenningar um hvar skipalægið var til forna. Þá hafa fundist



Í KAPPI VIÐ ÆGI Fornleifauppgrefturinn hefur verið drifinn áfram af miklum ágangi sjávar á tangann þar sem grafið er.

Fátt vitað um hafnir landnámsmanna

„Ég tel að þetta sé með merkilegri rannsókn sem hafa farið fram hér. Við höfum aldrei rannsakað hafnir eða slíkar minjar frá elsta tíma. Það hefur verið grafið að Gásam en þar er yngri höfn,“ segir Ragnheiður.

„Við höfum eiginlega ekkert velt fyrir okkur hvar landnámsmaðurinn kom að landi. Þetta er ein af fáum höfnum sem koma fyrir í Landnámu. Þar er talað um að það liggi skip full af búfenaði fyrir utan Kolkuós. Margir lendingarstaðir, sem eru upphaflega hafnir landnámsmanna, eru bara farnir.“

bein kjölturakka, brotasilfur, silfurpeningar frá Evrópu, kambar, ævafor leirkerabrot og margt fleira. Einnig fannst smíðagjall sem bendir til þess að járnsmíðja hafi verið á tangunum og stórir ofnar þar sem fundust hákarlatennur og merki um lýsisbræðslu mjög snemma.

Nú, þegar uppgreftinum er lokið, verður hafist handa við úrvinnslu upplýsinga og gagna sem fundist hafa. „Við ætlum að nýta næstu ár í að reyna að fjármagna úrvinnslu og gefa svo út niðurstöðurnar,“ segir Ragnheiður.

birgirh@frettabladid.is

Alþingi leiti skýringa:

Vill að styrkir verði skoðaðir

ALÞINGI Margrét Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar, óskar eftir að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis kalli ríkisendurskoðanda á fund til að ræða fjárfraumlög fyrirtækja til stjórnmalaflokka.



MARGRÉT TRYGGVADÓTTIR

Margrét vill að nefndin athugi hvort stjórnmalaflokkar hafi verið styrktir með ólögætum hætti. Hún bendir meðal annars á blogg færslu Þóroar Björns Sigurðssonar, starfsmanns Hreyfingarinnar, sem segir að þrjú sjávarútvegsfyrirtæki hafi styrkt Sjálfstæðisflokkinn um samanlagt 900 þúsund krónur á ári síðustu tvö ár. Samkvæmt lögum á að telja saman framlög tengdra fyrirtækja til flokka og mega þau ekki vera hærri en 400 þúsund krónur.

- sv

Þráðlaust net í strætó:

Ferðir hafnar til Akureyrar

SAMGÖNGUR Þjónustuvæði Strætós stækkaði í gær þegar akstur hófst til Akureyrar, Stykkishólms, Búðardals, Hólma-víkur og Reykhóla.

Strætó ætlar einnig að bjóða upp á ferðir til Grundarfjarðar, Ólafsvíkur, Hellissands, Rífs, Reykhólts, Hvammstanga og Skagastrandar. Þær verður þó að panta sérstaklega tveimur tímum fyrir brottför.

Boðið er upp á þráðlaust net í öllum vögnum sem aka vestur og norður nema þeim sem eru hluti af pöntunarþjónustu strætó.

- sv

Leiðangur skilar árangri:

Gormlaga dýr fannst í sjónum

DÝRALÍF Leiðangursmenn frá Hafrannsóknastofnun urðu margs vísari eftir að hafa nýtt neðansjávarmyndavélina á allt að 730 metra dýpi fyrir í sumar. Í leiðangrinum tókst meðal annars að mynda svokallaðan þyrnikórál í fyrsta skipti hér við land, segir Steinunn Hilma Ólafsdóttir leiðangursstjóri.

Þar að auki náðust myndir af gormlaga dýri sem ekki er vitað með vissu hvert er. Trjúnufliskur brá sér einnig fyrir linsuna en hann fannst einungis á undir 700 metra dýpi.

Myndefni var safnað af botninum á fimmtán stöðum á Háfadjúpi og Reynisdjúpi sem eru sunnan við landið. Auk dýralífs minnti neyklusamfélagið líka á sig við hafsbót. Til dæmis náðust myndir af bylgjupappa og plastpoka á um 500 metra dýpi.

- jse

TÆKNI

5 ára afmæli 3G á Íslandi

Fimm ár eru liðin frá því að Síminn tók upp 3G-tækni. Þann 3. september árið 2007 var í fyrsta sinn hægt að hringja myndsímtal á Íslandi. Þá þöktu sendarnir höfuðborgarsvæðið og Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Nú nær 3G-kerfið til yfir 90 prósent landsins.

Múslímaklerkur handtekinn í máli gegn þroskaheftri stúlku frá Pakistan:

Kom fyrir sönnunargögnum

ISLAMABAD, AP Pakistanska lögreglan hefur handtekið múslímaklerk sem er grunaður um að hafa komið fyrir sönnunargögnum í máli kristinnar, þroskaheftrar stúlku. Hún er sökuð um að hafa brennt blaðsíður úr kóraninum, hinni helgu bók múslíma.

Klerkurinn, Khalid Chishti, var handtekinn fyrir að hafa sett síður úr kóraninum ofan í poka stúlkunnar, sem hafði að geyma brennd blöð úr trúarritinu. Vitni bar að klerkurinn vildi með þessu móti leggja stein í götu kristinna Pakistana. Klerkurinn, sem neitar sök, var leiddur fyrir rétt í gær.

Tvær vikur eru síðan stúlkann var handtekin, sökuð um að hafa vanhelgað kóraninn með því að brenna úr honum blaðsíður. Læknar hafa úrskurðað að hún sé undir lögaldri, sem þýðir að mál hennar verður tekið fyrir hjá ungmennadómsstóli. Lífstíðarfangelsi eða jafnvel dauðadómur liggur við guðlasti í Pakistan.

Málið hefur vakið mikla reiði hjá múslímum. Margir kristnir íbúar úr hverfi stúlkunnar ákváðu að flýja af ötta við hefndaraðgerðir múslíma. Um þrjú hundruð þeirra komu sér fyrir í búðum rétt fyrir undan höfuðborgina Islamabad en var svo vikið þaðan síðasta þriðjudag. Þá var kirkja sem þeir höfðu komið upp til bráðabirgða brennd til grunna.



LEIDDUR FYRIR RÉTT Múslímaklerkurinn Khalid Chishti var leiddur fyrir rétt í Pakistan í gær.

MYND/APP



DVD
VERÐ AÐEINS
1.998 KR

nettó
Kræsingar & kostakjör

KOMINN
Í NETTÓ!



RISA

BIG SALE!

ÚTSALA
REKKJ

SÍÐUSTU DAGAR!

SKIPTI- OG SÝNINGARRÚM Á TILBOÐI!

30-70% AFSLÁTTUR!

ALLURE
King Size rúm (193x203 cm)
FULLT VERÐ 264.200 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 132.100 kr.

50% AFSLÁTTUR

BALFOUR
King Size (193x203 cm)
FULLT VERÐ 321.000 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 160.500 kr.

50% AFSLÁTTUR

SÉRSTAKT TILBOÐ
á Quiet Dawn dual rúmdýnu sem hentar fólki sem þarf mismunandi stífleika. Dýnan er millistíf öðru megin og stíf hinum megin.

39% AFSLÁTTUR

QUIET DAWN DUAL
Queen Size (153x203 cm)
FULLT VERÐ 340.458 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 207.679 kr.

CORSICA
King Size rúm (193x203 cm)
FULLT VERÐ 340.200 kr.
ÚTSÖLUVERÐ 170.100 kr.

50% AFSLÁTTUR

rekkjan

ARGHILL 010912 #4



1. Af hverju rennur ekki vatn í listaverkinu Fyssu í Laugardal?
2. Hvað þarf Íbúðalánasjóður mikla peninga frá ríkinu til að uppfylla ákvæði um eigið fé?
3. Hvað eru margir án vinnu í löndum Evrópusambandsins?

SVÖRIN

1. Dæluháður verkisins bílað. 2. Töfj milliþingur manna.
3. Tulluga og fimm milljarða króna.

Heklusjógar biðla til fólks, skóla og félagsamtaka á höfuðborgarsvæðinu og víðar um að safna fræi:

Sáning á birkifræi hefur gefið góða raun

SKÓGRÆKT Vegna góðs frærs hjá birkitrjám biðla Heklusjógar til einstaklinga, skóla eða félagsamtaka um að safna birkifræi á höfuðborgarsvæðinu og víðar um sunnan- og vestanvert landið. Að sögn Hreins Óskarssonar, verkefnisstjóra Heklusjóga, hefur verið samið við Endurvinnsluna um að taka við fræinu síðustu vikuna í september.

Undanfarin ár hafa verið gerðar tilraunir með að dreifa birkifræi á svæði innan Heklusjóga sem hefur gefið góða raun þó birkifræið geti tekið nokkur ár að spíra. Nú segir Hreinn töluvert land tilbúið fyrir sáningu birkis og með góðri hjálp frá almenningi ætti að vera hægt að safna hundruðum kílóa af fræi í september, til

sáningar í haust. Frekari upplýsingar um hvernig á að bera sig að má svo finna á vef Heklusjóga (<http://hekluskogar.is/birkifrae.htm>).

Heklusjógaverkefnið hefur staðið í fimm ár og árangur verið framur vonum, segir Hreinn. „Mest áhersla hefur verið lögð á gróðursetningu birkis víðs vegar um starfssvæðið sem er um 90 þúsund hektarar, eða tæpt eitt prósent Íslands.“ Hreinn segir alls hafa verið gróðursett um 1,8 milljónir af birki í hundruð reita sem þeki tæplega þúsund hektara. „Þessir reitir eru nú orðnir vel sýnilegir um svæðið allt og munu þeir sá sér út yfir nálæg svæði á næstu árum og áratugum.“



FRÆI SAFNAÐ Hákonarlundur í Haukadal og Gunnlaugs-skógur við Gunnarsholt spruttu eftir sáningu fræja.

MYND/HREINN ÓSKARSSON

LAGALEGUR FYRIRVARI

Claim No. 5968 of 2012

FriendsLife

IN THE HIGH COURT OF JUSTICE
CHANCERY DIVISION
COMPANIES COURT

- VEGNA FRIENDS LIFE LIMITED
- VEGNA FRIENDS LIFE ASSURANCE SOCIETY LIMITED
- VEGNA FRIENDS LIFE COMPANY LIMITED
- VEGNA F&C MANAGED PENSION FUNDS LIMITED

BRESKRA LAGA UM FINANCIAL SERVICES AND MARKETS ACT 2000

Kunngjörður er fyrirvari þess efnis að þann 31. júlí 2012 var umsókn samkvæmt 107. grein Financial Services and Markets Act 2000 (hér eftir nefnd: „Lögin“) lögð fyrir High Court of Justice, Chancery Division, Companies Court in London, af hálfu Friends Life Company Limited („FLC“), Friends Life Assurance Society Limited („FLAS“), F&C Managed Pension Funds Limited („F&C MPF“) og Friends Life Limited („FLL“) um eftirtalda gjörninga:

- Samkvæmt 111. grein laganna sem skapar rétt til áætlunar (hér eftir nefnd: „Áætlunin“) um flutning allra langtíma-tryggingaviðskipta FLAS (eins og þau eru skilgreind í lögunum) og hluta af langtíma-tryggingaviðskiptum FLC og F&C MPF (eins og þau eru skilgreind í lögunum) til FLL; og
- um gerð aukaukræða í tengslum við áætlunina samkvæmt 112. og 112A. grein laganna.

Afrit af greinargerð um skilmála áætlunarinnar sem gerð var af óháðum sérfræðingi í samræmi við 109. grein Laganna („áætlunargreinargerðin“) og kynningarrit sem inniheldur: yfirlýsingu þar sem skilgreindir eru skilmálar áætlunarinnar og samantekt áætlunargreinarinnar og áætlunargagna, má nálgast í síma 0044 1722 326785 eða með því að senda skriflega beiðni þar um á eftirfarandi pósthöfund: Insurance Business Transfer Department, PO Box 547, Bristol, BS34 9EB, UK. Nefnd gögn sem og önnur tengd gögn þ.m.t. tryggingafræðilegar greinargerðir eru fánleg á vefsíðunni www.fpiinternational.com/is/flutningur2012.

Áætlað er að Umsóknin verði tekin til dóms Chancery Division, High Court að 7 Rolls Building, Fetter Lane, London EC4A 3DF, hin 3. Desember 2012. Sérhver sá (þ.m.t. starfsmenn FLC, FLAS, F&C MPF og FLL) sem telur hagsmunum sínum hætt með áætlun þessari, hefur rétt til að vera viðstaddur réttarhaldið og setja þar skoðun sína á framfæri, hvort sem er í eigin persónu eða í gegnum fulltrúa sinn.

Til einföldunar ferlinu eru þeir sem hyggjast gera svo, vinsamlega beðnir um að skrifa Herbert Smith LLP, lögmönnum FLC, FLAS, F&C MPF and FLL, eins fljótt og auðið er á neðangreint pósthöfund, helst fyrir 26. nóvember 2012 og setja þar fram skriflegar ástæður þess að þeir telji að hagsmunum sínum sé ógnað.

Sérhverjum þeim, sem telur að hagsmunum sínum sé ógnað vegna áætlunarinnar en hyggst ekki vera viðstaddur réttarhaldið, er heimilt að gera grein fyrir því með því að senda skriflega greinargerð um það til Herbert Smith LLP á neðangreint pósthöfund eins fljótt og auðið er og helst fyrir lok vinnudags fimm dögum fyrir réttardag og setja þar fram ástæður þess að þeir telji að hagsmunum sínum sé ógnað.

Dagsett 3. September 2012.

Herbert Smith LLP (tilv. 2067/6489)
Exchange House
Primrose Street
London
EC2A 2HS
UK

Þingflokksformaður væri ekki á Alþingi

Úrslit þingkosninga 2009 hefðu verið önnur ef vægi atkvæða hefði verið jafnt. Varhugavert að spá úrslitum út frá öðrum lögum, segir stærðfræðingur.

KOSNINGAR Þingmennirnir Guðmundur Steingrímsson, Ólína Þorvarðardóttir, Björn Valur Gíslason, Þuríður Backman og Unnur Brá Konráðsdóttir hefðu ekki komist á þing í síðustu alþingiskosningum ef vægi atkvæða hefði verið jafnt. Í stað þeirra hefðu þau Helga Sigrún Harðardóttir, Óli Björn Kárason, Ólafur Þór Gunnarsson, Kolbrún Halldórsdóttir og Baldur Þórhallsson fengið þingsæti.

Hjálmar Gíslason, framkvæmdastjóri Datamarket, og stærðfræðingurinn Þorkell Gíslason tóku fyrir helgi saman hvernig jafnt atkvæðavægi hefði breytt úrslitum í kosningunum árið 2009.

Þorkell segir, á heimasíðu sinni, að alltaf sé varhugavert að nota úrslit úr lönun kosningum til að spá hvað hefði gerst ef kosningalög hefðu verið öðruvísi á þeim tíma. Kjósendur hagi sér ávallt að nokkru með tilliti til þess fyrirkomulags sem gildi hverju sinni. Þó liggja fyrir að eitt þingsæti muni færast frá Norðvesturkjördæmi til Suðvesturkjördæmis samkvæmt gildandi lögum fyrir næstu kosningar.


Breytingar á skiptingunni voru settar í lög árið 1999 til að jafna vægi atkvæða milli landshluta. Núverandi kjördæmaskipting felur í sér þrjú kjördæmi á höfuðborgarsvæðinu og þrjú utan þess.

Stjórnlagaráð hefur samþykkt viðamiklar breytingar á stjórnarskránni er varða kosningar til Alþingis og er eitt markmið þeirra að jafna vægi kjósenda á landinu öllu.

Í skýrslu ráðsins segir að þó

Sömu flokkar - annað fólk

Þau hefðu ekki komist inn:



Guðmundur Steingrímsson NV, Ólína Þorvarðardóttir NV, Þuríður Backman NA, Björn Valur Gíslason NA, Unnur Brá Konráðsdóttir S



Þau hefðu komist inn:



Helga Sigrún Harðardóttir SV, Baldur Þórhallsson RvkN, Kolbrún Halldórsdóttir RvkS, Ólafur Þór Gunnarsson SV, Óli Björn Kárason SV

vægið verði jafnað verði að fara vissan meðalveg í því að sameina landið í eitt kjördæmi, eins og virtist vera vilji meirihluta þátttakenda á Þjóðfundinum.

„Segja má að þessi meðalvegur felist í því að gera frambjóðendum kleift að beina frambóði sínu að afmörkuðum svæðum, kjördæmum, en að kjósendum standi í raun allir frambjóðendur lands-

ins til boða. Þetta kallast „Kjördæmavarið landskjör“.

Þess má geta að ef öll atkvæði hefðu haft jafnmikið vægi í þingkosningum árið 2007 hefðu stjórnarflokkarnir, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur, fengið 30 þingmenn en stjórnarandstaðan 33. Stjórnin hefði með öðrum orðum ekki haldið velli.

sunna@frettabladid.is

Íslenska er á meðal tungumála Google Voice Search:

Smærri lönd líka með

UPPLÝSINGATÆKNI Verkefnið Almennrómur, samstarf tæknirísans Google, Háskólans í Reykjavík (HR) og Máltaekniseturs, var frumraun samstarfs sem gerir fólki á smáum málsvæðum kleift að nýta sér raddleit Google (e. Voice Search) í snjallsímum. Íslenska er meðal þrettán nýrra tungumála sem bætt var við raddleitina um miðjan ágúst.

Jón Guðnason, lektor við tækni- og verkfræðideild HR, segir Trausta Kristjánsson, sem starfi hjá Google, hafa ýtt á að íslenskan fengi að vera með. Þannig hafi Trausti stungið upp á því að Google byggi til aðstöðu fyrir minni tungumál og háskólar og stofnanir á þeim svæðum önnuðust gagnaoöflun. „Íslenska var eiginlega fyrsta tungumálið í því átaki,“ segir Jón.

Í fyrrahaust segir Jón svo að hafist hafi verið handa við að safna þeim rúmlega 123 þúsund raddsýnum frá 563 einstaklingum sem til



NÝ TÆKNI Jón Guðnason hjá HR og Trausti Kristjánsson hjá Google kynna Almennrómur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

þurfti. Raddsýnin mynda svo gagnasafn sem hefur að geyma hljóðskrár og textaskrár og gerir tölvu kleift að skilja talmál.

Með raddleitinni getur fólk svo leitað á netinu með því að tala við símann í stað þess að skrifa. „Þessi tækni er náttúrulega stórkostleg og býður upp á svo marga aðra möguleika,“ segir Jón. Þannig gæti tæknin síðar nýst heyrnarlausum með því að jafnóðum mætti texta fyrir þá talað mál.

- óká

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins



Innritun hafin

Byrjenda- og framhaldshópar frá 3 ára aldri

Ballett

Einnig fullorðinsballett fyrir þá sem vilja láta drauminn rætast

Ballettskóli Guðbjargar Björgvins
Eiðistorgi Seltjarnarnesi

S: 562-0091 695-0399

www.gbballett.is



CAR-LACK68
PREMIUM SYSTEM PLEDE
MIT VERBESSERTE
NANO-TECHNOLOGIE
PREMIUM SYSTEMCARE
ULTRASHIELD PROTECTION
FOR CAR - CARAVAN - BOAT

NANO-TECH BILABÓN
ALLT SEM ÞÚ PARFT

- High-Tech Polyethilen-akrýl efni
- Langtíma yfirborðsvörn
- Einstök UV vörn
- Háglaðs án póleringar
- Hreinsar og ver í einni umferð

Bílastíðunin hf · Bíldshöfða 16
sími: 5672330

ZANUSSI

ZWG-1120 Þvottavél

- Frábær heimilisvél frá Zanussi, dótturmerki Electrolux á ótrúlega hagstæðu verði
- ✓ 1200 snúninga vinduhráði
- ✓ 14 þvottakerfi þ.á.m. 30 mínútna hraðkerfi og fyrir viðkvæman fatnað
- ✓ 3/6/9 klst framstillt ræsing
- ✓ Tekur allt að 6 kíló af tæni
- ✓ A/A/B einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og vinduhráða
- ✓ XXL stór hurð - auðveld í notkun
- ✓ Verð áður kr 89.900

AAB
EINKUNN

1200
SNÚNINGA

HRAD-
VAL



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
69.900
SPARAÐU 20.000

DAEWOO

DWD-FD1442 Þvottavél

- Ný byltingarkennd þvottavél með Direct Drive kola- og reimarlausum mótör, sem tryggir lengri endingu og hljóðlátari vinnslu.
- ✓ Þvoðu allt að 8 kg - allt að 60% meira pláss en í hefðbundinni þvottavél. Sömu utanmál.
- ✓ XL hurð - auðvelt að fylla og tæma
- ✓ Hraðval og 20 mínútna hraðkerfi
- ✓ Tímaskjár og framstillt ræsing möguleg
- ✓ 1400 sn. vinduhráði með A toppeinkunn
- ✓ AirBubble þvottatækni - 100% þvottaárangur og minna slit á þvotti.
- ✓ Ófnæmisskolun og kerfi með krumpuvörn



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
99.900
SJÁÐU VERÐIÐ!

XXL
8 KG

AAA
EINKUNN

KOLALAUS
MÖTÖR

TOPPMÓDEL!

AIR BUBBLE
ÞVOTTATÆKNI

AEG

L-75670FL Þvottavél

- Toppmódelið okkar frá AEG með kolalausum mótör og A+++ orkunýtni. Tekur allt að 7 kíló og með 1600 snúninga og Protex Plus tromlu
- ✓ Mörg ný sérkerfi þ.á.m. Ull Plus, silki, gallabuxur
- ✓ Teppi og öflugt hraðkerfi ásamt sparnaðarkerfi
- ✓ Protex Plus tromla sem lágmarkar slit og verndar viðkvæman fantað
- ✓ Kolalaus Silence interval mótör - lengri ending, minna slit og hljóðlátari
- ✓ Innbyggð tromlulýsing
- ✓ XXL hurðarop - auðveld í notkun
- ✓ Fullt verð kr 189.900



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
149.900
SPARAÐU 40.000

AAA
EINKUNN

1600
SNÚNINGA

KOLALAUS
MÖTÖR

TOPPMÓDEL!

KOLALAUS MÖTÖR
lengri ending - hljóðlátari

BOSCH

BSN-1900 Ryksuga

- Litil en öflug 1900W ryksuga með þriggja lítra poka.
- ✓ Stillanlegur sogkraftur
- ✓ Stillanlegt rör
- ✓ Aðeins 3,6 kíló
- ✓ Örnagnasía
- ✓ 8 metra vinnuradius
- ✓ Fullt verð 14.990



Tefal

FV-1215 Gufustraujárn

- Vandað 1800W gufustraujárn með viðloðunarfríum sóla.
- Stillanleg gufa.
- Fullt verð 5.990



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
3.990
20% AFSLÁTTUR

KYNNINGARVERÐ

KYNNINGARVERÐ
11.990
20% AFSLÁTTUR

MERKJAVARA Á BOTNVERÐI VERÐVAKT RAFHA

ÖLL VÖFFLUJÁRN
30%
AFSLÁTTUR



MARGAR GERÐIR



Tvöföld Belgískar Hjartalaga

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
6.993
30% AFSLÁTTUR

VERDDÆMI

BOSCH

KGV-39VW30 Kæli- og frystiskápur

- 201 cm há gæðaskápur í A++ orkuflokki
- ✓ Ný tækni: 50% minni hrímmyndun í frysti
- ✓ 250 lítra kæli og 94 lítra frystir
- ✓ HxBxD 201 x 59,5 x 63 cm
- ✓ Fullt verð kr 169.900

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
139.900
SPARAÐU 30.000

201
CM HÁR

XXL
250 / 94L

LED
LYSING

exquisit

KS-350 Kæliskápur

- Flottur 170 cm há kæliskápur nægu rými
- ✓ 335 lítra kæli
- ✓ A+ orkunýtni, 20% betra en orkuflokkur A
- ✓ HxBxD 170 x 60 x 60 cm
- ✓ Fullt verð kr 99.900

KYNNINGARVERÐ KR.
74.900
SPARAÐU 25.000

170
CM HÁR

XXL
335 L



210
LÍTRAR

A+
ORKA

Electrolux

EC-2231AOW Frystikista

- Einstaklega sparneytin frystikista sem rúmar allt að 210 lítra
- ✓ LowFrost tækni varnar að is myndist á innanverðum veggjum. Sparar 4 af 5 afhrimingum.
- ✓ Ljós og læsing í loki
- ✓ EasyLid léttopnun með lofttæmingu
- ✓ Hraðfrysting
- ✓ Hitastíllir
- ✓ Frystigetia 14 kg / sólarhring
- ✓ Aðvörunarljós, hraðfrystiljós og gangljós
- ✓ Hljóðmerki og ljósmerki ef hitastig fellur óeðlilega
- ✓ 2 körfur fylgja
- ✓ Orkuflokkur A+
- ✓ Hjóli til að færa kistuna fram og til baka
- ✓ HxBxD: 87,6 x 79,5 x 66,5 cm

Kynningarverð gildir t.o.m. 15. sept

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
74.900
FRÁBÆRT VERÐ!



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
69.900
SJÁÐU VERÐIÐ!

AAA
EINKUNN

HRAD-
VAL

70°
KERFI

Electrolux

ESF-63012 Uppþvottavél

- Vönduð uppþvottavél með 5 þvottakerfum og góðri innréttingu
- ✓ 30 mín. hraðkerfi og öflugt pottakerfi
- ✓ Framstillt ræsing möguleg
- ✓ A/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
89.900
SPARAÐU 20.000

AAA
EINKUNN

HRAD-
VAL

70°
KERFI

Electrolux

ESF-63020X Uppþvottavél

- Hljóðlát uppþvottavél í fallegu burstuðu fingrafarfríu stáli
- ✓ 5 þvottakerfi þ.á.m. pottakerfi, almenn kerfi og 30 mín. hraðkerfi
- ✓ Framstillt ræsing möguleg
- ✓ Hækkanleg/lækkanleg efri þvottakarfa
- ✓ A/A/A einkunn fyrir orkunýtni, þvottagæði og þurrkun
- ✓ Verð áður kr. 109.900

AAA
EINKUNN

HRAD-
VAL

70°
KERFI

Rafha ehf

Opið virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR.
29.900
SPARAÐU 15.000

KYNNINGARVERÐ KR.

exquisit

GH-60A Veggháfur 60 cm

Glæsilegur veggháfur í burstuðu stáli með bogadregnu glerskyggni

✓ Afkastar 500 rúmmetrum á klukkustund

✓ Fitusía úr málmneti - þvoanleg

✓ Möguleiki á útblæstri eða kolásíu

✓ Hæð stillanleg 48-78 cm

✓ Fullt verð kr. 44.900 Kynningarverð gildir t.o.m. 15. sept

FRÉTTAVIDTAL: Bragi Guðbrandsson forstjóri Barnaverndarstofu

Sálgæslu barna verður að efla

Aðeins í Reykjavík er bakvaktaþjónusta barnaverndarnefndar haldið úti allan sólarhringinn. Forstjóri Barnaverndarstofu segir þjónustuna víða með öllu óviðunandi. Rætt er um sameiginlega bakvakt alls höfuðborgarsvæðisins.

Bakvaktaþjónusta barnaverndarnefnda sveitarfélaganna er víða með öllu óviðunandi. Aðeins í Reykjavík er haldið uppi sólarhringsþjónustu. Tilraunaverkefni vegna heimilisofbeldis á vegum Barnaverndarstofu (BVS) lýkur um áramótin. Sálgæslu barna sem verða vitni að heimilisofbeldi, eða eru beitt ofbeldi, verður að sinna með sértækum hætti. Rætt er um sameiginlega bakvaktaþjónustu á öllu höfuðborgarsvæðinu.

Þetta kemur fram í máli Braga Guðbrandssonar, forstjóra BVS, í viðtali við Fréttablaðið, en tilraunaverkefni vegna heimilisofbeldis á vegum stofnunarinnar lýkur um áramótin að óbreyttu. Verkefnið átti að leiða fram hvort ekki væri þörf á sértækri þjónustu, þar sem börnum yrði veitt áfallahjálp á staðnum og í beinu framhaldi frekari meðferð og stuðningur.

Bragi segir að farið hafi verið í verkefnið á skjön við hefðbundna verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í barnaverndarmálum. Meginreglan er sú að barnaverndarnefndir sveitarfélaganna eigi að sinna útköllum utan dagvinnutíma, ef börn eru í hættu eða búa við óviðunandi skilyrði á einhvern hátt.

„Vandamálið hefur hins vegar verið að bakvaktaþjónustunni vítt og breitt um landið er

ábótavant. Það er í raun aðeins eitt sveitarfélag sem hefur haldið uppi fullri sólarhringsþjónustu, og það er Reykjavík. Sums staðar er þetta algjörlega óviðunandi, jafnvel í fjölmenninu hér á höfuðborgarsvæðinu,“ segir Bragi.

Rætt um sameinaða bakvakt

Bragi telur að tilraunaverkefnið hafi þegar sannað að þessi þjónusta verði að vera til staðar. Hins vegar liggi ekki fyrir hvort Barnaverndarstofa haldi áfram á sömu braut, því eins komi til greina að barnaverndarnefndir sveitarfélaganna taki við keflinu. „Ég veit til þess að rætt er um að sameina alla bakvaktaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Að mínu viti ætti það reyndar að vera komið á koppinn fyrir löngu. Ef það tekst þá er ekki þörf á því að Barnaverndarstofa haldi verkefninu áfram,“ segir Bragi.

„En áfallastuðningur fyrir þessi börn mun halda áfram, hvernig sem það verður útfært. Það þori ég að fullyrða. Ég á mér þann draum að Barnahús annist eftirfylgdina með þessum börnum en bráðahjálpin verði á vettvangi sveitarfélaganna.“

Purftarfrekir á athygli

Hefðbundin íhlutun barnaverndarnefnda vegna heimilisofbeldis er fólgin í því að einn starfsmaður frá barnaverndinni kemur inn á heimilið, ásamt lögreglu; reynir að sætta deilu-aðila og sinna málinu að öðru leyti. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt, bæði hér og erlendis, að foreldrar sem í hlut eiga eru svo þurftarfrekir á athygli að börnin verða útundan. Í því kristallast tilraunaverkefnið sem Barnaverndarstofa hefur haldið úti í tæpt ár; eða að börnin fá sérstaka athygli.

„Starfsmanni okkar [Rögnu



FORSTJÓRI BARNAVERNDARSTOFU Bragi telur að reynsla tilraunaverkefnis vegna heimilisofbeldis hafi sannað að sértæk sálgæsla fyrir börn í þessum kringumstæðum verði að halda áfram. Í raun segir hann það fráleitt að slík þjónusta hafi ekki verið komin til fyrir löngu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vandamálið hefur hins vegar verið að bakvaktaþjónustunni vítt og breitt um landið er ábótavant. Það er í raun aðeins eitt sveitarfélag sem hefur haldið uppi fullri sólarhringsþjónustu og það er Reykjavík. Sums staðar er þetta algjörlega óviðunandi, jafnvel í fjölmenninu hér á höfuðborgarsvæðinu.

Björgu Guðbrandsdóttur, félagsráðgjafi] var fyrst og síðast ætlað að meta líðan barnsins, fá fram upplifun þess og sjónarmið. Ef sveitarfélögin taka þetta yfir þá verður að tryggja að það

verði nægur mannaflí; sérfróður mannaflí sem getur veitt barninu það sem það þarf.“

Forvarnargildið

Spurningunni um hvort þjónusta sem þessi sé mjög fjárfrek svarar Bragi neitandi. „Mér finnst að í hlutfalli við mikilvægi þjónustunnar þá sé vart um hann talandi. Við hljótum að hafa svigrúm fyrir þessa þjónustu. Eins má færa rök fyrir því að sú aðstoð sem þarna kemur til strax í byrjun, komi til með að spara einstaklingnum og samfélaginu í heild mikil fjáruhlát þegar til lengri tíma er litið. Þetta verkefni hefur gífurlegt forvarnargildi,“ segir Bragi. „Ég vil því ítreka að þessi þjónusta verður áfram í boði, en eftir á að koma í ljós hvernig það verður útfært.“

Framtíðarsýn

Bragi segir að þrátt fyrir að höfuðborgarsvæðið sé títtnefnt í

þessu samhengi sé hans draumur að hægt sé að bjóða sértæka sálgæslu fyrir börn um allt land. Það sé hins vegar flókið, enda þekkt að innviðir sveitarfélaganna eru ólíkir.

„Hins vegar, í ljósi óhugnadarins sem þessi börn upplifa, er það fráleitt að þetta skuli ekki hafa verið í viðunandi horfi í gegnum árin. Það dettur engum annað í hug en að hjálpa barni sem hefur verið beitt líkamlegu ofbeldi. Hvers vegna ættum við ekki að tryggja bráðþjónustu til barna sem er limlest á sálinni? Málið snýst einfaldlega um geðheilsu þessara barna og framtíð þeirra alla.“

Svarar
Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Markmið verkefnis Barnaverndarstofu

Á því tæpa ári sem tilraunaverkefni Barnaverndarstofu vegna heimilisofbeldis hefur staðið yfir hefur sérfræðingur komið að nokkrum tilvikum þar sem konum höfðu verið veittir alvarlegir áverkar; jafnvel lífshættulegir. Fimm af 35 konum þurftu að leita sér aðstoðar á Bráðamóttöku Landspítala (LSH) fyrstu sex mánuðina sem verkefnið stóð yfir.

- Að veita sérhæfða þjónustu fyrir börn sem búa við þær aðstæður að ofbeldi hefur verið þáttur í heimilislífi þeirra.
- Verkefninu er ætlað að leiða í ljós líðan og sjónarmið barnanna í því skyni að treysta öryggi þeirra og velferð.
- Sérfræðingur sinnir einungis málum barna sem verða vitni að eða eru viðstödd ofbeldi á milli foreldra á heimili sínu og lögregla er kölluð á staðinn.
- Tilraunaverkefnið nær til barna 18 ára og yngri eins og barna-

verndarlög nr. 80/2002 kveða á um. Ef barn er of ungt til að tjá sig fá foreldrar ráðgjöf og stuðning.

- Sérhæfður starfsmaður Barnaverndarstofu bregst við tilkynningu frá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu eftir kl. 16.00 virka daga og um helgar.
- Starfssvið sérfræðings er að ræða við barnið/börnin og kanna líðan þeirra, upplifun og viðhorf til þeirra atburðarásar sem leiddi til lögregluafskipta. Sérfræðingur leggur mat á þörf barnanna fyrir áfallahjálp í kjölfar lögregluafskiptanna og veitir þeim meðferðarviðtöl eins fljótt og við verður komið.
- Mál barnanna eru unnin sem hluti af barnaverndarúrræði og gerir sérfræðingur áætlun um meðferðarþörf barnanna.

Heimild: Tilraunaverkefni Barnaverndarstofu; áfangaskýrsla

NÝJAR SLÓÐIR

FRAMANDI VESTNORRÆN
MENNINGARHELGI

REYKJAVÍK
7.-9. SEPTEMBER 2012

**GÁMARNIR OPNA LAUGARDAGINN
8. SEPTEMBER. KL. 12.00, KÍKTU INN!**

**TÓNLIST / MATUR / HÖNNUN / KVIKMYNDIR
SKÁK / GRÍMUDANS ... OG MARGT MARGT FLEIRA.**

Laugardaginn 8. september kl. 18.00:
Tónleikar í flugskýli Flugfélags Íslands.

Taktu þátt í skemmtilegum ratleik með flottum vinningum frá Flugfélagi Íslands, 66°Norður og DILL.

Dagskrárþækling hátíðarinnar er hægt að nálgast í ráðhúsi Reykjavíkur, í Norræna húsinu og í flugstöð Flugfélags Íslands.

Reykjavíkurhöfn

Ráðhús

Norræna húsið

Flugvöllur

SKOÐAÐU ALLA DAGSKRÁNA Á:
www.facebook.com/NyjarSlodir

NORRÆNA HÚSIÐ

Norræna húsið Sturlugata 5 101 Reykjavík S. 5517030 www.norraenahusid.is facebook.com/norraenahusid

ÓDÝRASTA KORNFLEXIÐ Í BÓNUS

298 kr.
750 g



B  **NUS**

Á ÞRIÐJA HUNDRAÐ EURO SHOPPER VÖRUTEGUNDIR Í BOÐI

Mikil og vaxandi vanskil hjá Íbúðalánasjóði:

Orðið gott

Íbúðalánasjóður skilaði enn einu vondu uppgjöri fyrir helgina. Tap sjóðsins á fyrri helmingi ársins var 3,1 milljarður króna og eigið fé er komið niður fyrir lögbundin mörk. Því stefnir í að skattgreiðendur þurfi að leggja sjóðnum til 11 til 12 milljarða króna, til viðbótar við þá 33 sem Alþingi hafði þegar samþykkt að borga til að hífa upp eiginfjárlutfallið.

Ein meginástæða slæmrar afkomu einnar af helztu lánastofnunum landsins eru viðvarandi og vaxandi vanskil á húsnæðislánum, sem viðskiptavinir hans hafa tekið. Um 5.000 lán eru í alvarlegum vanskilum og hafa mörg hver verið árum saman í þeirri stöðu.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Sigurður Erlingsson, forstjóri Íbúðalánasjóðs, sagði í helgarblaði Fréttablaðsins að þessi staða væri þannig tilkomin að lánþegar hefðu „nýtt sér öll úrræði til að fresta því að taka á vandanum eða að fresta því óumflýjanlega eða jafnvel vonast eftir því að fram komi betri úrræði sem mönnum

lístist betur á.“ Sigurður segir að sjóðurinn verði að fara að spyrna við fótum og segja: „Nú er þetta bara orðið gott. Ef ekki sjáum við fleiri svona slæm uppgjör.“

Þessi ummæli Sigurðar hafa sums staðar verið lögð út sem gagnrýni á hluta lánþega sjóðsins fyrir að gera ekkert í sínum málum, og það eru þau að sjálfsögðu. En það má sömuleiðis líta á þau sem gagnrýni á óábyrga stjórnmalamenn, sem hafa veifað voninni um „betri úrræði“, helzt auðvitað almenna skuldaniðurfellingu, framan í fólk sem er komið í öngstræti í fjármálum og getur ekki staðið í skilum. Þessi óábyrgi pólitíski málflutningur á sinn þátt í því ástandi sem er á hluta lánasafns Íbúðalánasjóðs; að þar er fólk hætt að borga og gerir ekkert í sínum málum.

Sigurður Erlingsson bendir á að úrvinnslu á 110% leiðinni svokölluðu sé lokið og um áramót verði sértæk skuldaaflögun ekki í boði. Þess vegna séu síðustu forvöð fyrir skuldara að taka á sínum málum. Hann segir að stytta þurfi þann tíma, sem líður frá vanskilum og þar til hægt sé að ganga að eign, sé skuldari ekki að vinna í sínum málum. Hins vegar séu úrræðin til hjá umboðsmanni skuldara. Um leið og sótt sé um hjá embættinu stöðvist ferlið hjá Íbúðalánasjóði.

Í umræðum á netinu um helgina mátti glögg sjá að margir telja forstjóra Íbúðalánasjóðs í hópi þeirra vondu manna sem telja eðlilegt að fólk endurgreiði lán sem það tók. Vissulega breyttust forsendur hjá stórum hluta lánatakenda við hrun krónunnar. Stjórnvöld og fjármálastofnanir hafa af þeim sökum boðið upp á margvísleg úrræði fyrir skuldara til að létta þeim greiðslubyrðina. Í umræðunni um þessi mál gleymist hins vegar oft að alvarleg vanskil hjá talsverðum hópi voru staðreynd fyrir hrun og margir höfðu þá þegar reist sér hurðarás um öxl og hefðu aldrei verið borgunarmenn fyrir lánunum sínum.

Það hlýtur að vera lágmark að lánatakendur í vanda nýti sér þau úrræði sem í boði eru til að semja um endurgreiðslu skulda sinna, í stað þess að hætta bara að borga. Aðgerðaleysi skuldara Íbúðalánasjóðs kostar skattgreiðendur stórfé. Það er sömuleiðis lágmarkskrafa að stjórnmalamenn sýni þá ábyrgð að lofa ekki nýjum lausnum, sem engin innstæða er fyrir. Þetta er líka orðið gott hjá sumum pólitíkum.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Á kunnuglegum slóðum

Á meðal þeirra sem skrifa undir áskorun um að Grímsstaðir á Fjöllum verði í þjóðareign eru Styrmir Gunnarsson og Þórhallur Vílmundarson. Þeir voru báðir í hópi sextíu menninganna sem undirrituðu áskorun um takmörkun á útsendingum Kanasjónvarpsins 1964. Þar stóð: „Vér undirritaðir alþingiskjösendur teljum á ýmsan hátt varhugavert, auk þess sem það er van-sæmandi fyrir Íslendinga sem sjálfstæða menningarpjóð, að heimila einni erlendri þjóð að reka hér á landi sjónvarpsstöð,

er náí til meiri hluta landsmanna.“ Lokað var fyrir aðgang Íslendinga að Kanasjónvarpinu - en hvað eru útlendu rásirnar aftur margar í dag?

Ög hvað svo?

Annars er áskorunin nú umhugsunar-efni. Þar segir að stjórnvöldum beri að standa vörð um eignarhald og umráð landsmanna yfir jörðum sem teygja sig inn á hálandið eða hafa „sérstöðu í huga þjóðarinnar af landfræðilegum, sögulegum og menningarlegum ástæðum.“ Má búast við að slíkur listi verði settur fram og ríkið taki þær jarðir eignarnámi?



Á skólabekk

Öll spjót standa nú á Ögmundi Jónassyni innanríkisráðherra, en viðbrögð hans við úrskurði um að hann hafi brotið jafnréttislög hafa farið illa í marga. Þegar Björn Bjarnason fékk sama úrskurð vildi Ögmundur að félagsmálaráðherra tryggði honum, og öðrum tornæmum á þau lög, sérkennslu í jafnréttislögum. Hann hlýtur því að leggja til að ríkisstjórnin, með hann í broddi fylkingar, setjist á þann sama skólabekk. kolbeinn@frettabladid.is

HALLDÓR



Öflugt atvinnulíf er forsenda velferðar á Íslandi

Efnahagsmál



Gunnar Bragi Sveinsson
alþingismaður

Öflugt atvinnulíf er forsenda þess að Ísland verði áfram eftirsótt til búsetu og heimsóknna. Efling atvinnulífsins verður best tryggð með samtali og samvinnu stjórnvalda og þeirra sem eiga og reka stór og smá fyrirtæki. Hvert einasta starf skiptir máli og hver einasta króna sem framleidd er telur. Möguleikar Íslands eru nánast óþrjótandi ef samstarf þessara aðila er með eðlilegum hætti. Það er tóm mál að tala um öflugt velferðarkerfi eða annað sem kostar samfélagið fjármuni ef enginn er til staðar að búa þá fjármuni til. Fjármunir þeir sem þarf til að reka samfélagið verða fyrst og fremst til í öflugum atvinnulífi. Tækifæri til að efla fjárfestingu, skapa atvinnu og búa til verðmæti fyrir íslenskt samfélag verðum við að nálgast fordómalaust, hvort sem þau teljast lítil eða stór, allir verður að skoða því sjaldnast er hægt að dæma fyrir fram.

Engum dylst að áfram verða sjávarútvegur, iðnaður, landbúnaður og þjónustustarfsemi burðarásar atvinnulífsins. Við þessa burðarása verður að styðja. En um leið verður að opna dyr

tækifæranna fyrir hinum smærri og nýta kraftinn í frumkvöðlunum hvar sem þeir eru. Burðarásarnir geta ekki sinnt því einir að afla fjármuna fyrir samfélagið og því verður að skapa öðrum vaxandi greinum tækifæri til að dafna. Hátækni, kvikmyndir, önnur menning og listir þurfa skapandi umhverfi og stuðning til að sinna sínu hlutverki í eflingu samfélagsins.

Flestum er ljóst að sá dýrmæti tími sem farið hefur til spillis frá fjármálahruninu kemur ekki aftur. Þau tækifæri sem stjórnvöld höfðu til að breyta samfélaginu og blása til framsóknar í burðarásum atvinnulífsins voru ekki nýtt. Með trausti og trúnaði má styrkja sjálfsmynd þjóðarinnar svo hún sjái til sólar, sjái hag sinn vænkast í nánustu framtíð. Samráð um framtíð Íslands verður að eiga sér stað fordómalaust þar sem styrkleikar hvers og eins eru nýttir til hins ýtrasta. Atvinnulífið er aflvaki fjármuna og því verður umgjörð þess að vera hvetjandi um leið og höfða verður til samfélagslegrar skyldu þess.

Staðreyndin er sú að allir hagnast á öflugum atvinnulífi á einn eða annan hátt.

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFLÉL: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

STÓRLÆKKAÐ VERÐ

ÆGIR TJALDVAGN*
 + fortjald og yfirbreiðsla
 Útsöluverð kr. 890.000.
 *Leiguvagn árg. 2012

ÚTSALA

SEGLAGERÐIN ÆGIR

Eyjarlóð 5 101 Reykjavík S: 511 2200 www.seglagerdin.is

Harpa og hin húsin

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur



Þegar Björn S. Blöndal aðstoðarmaður borgarstjóra réttlætti hér í blaðinu síðastliðinn mánudag hin glóruleasu fasteignagjöld sem Hörpu er gert að greiða – milljón á dag – sagði hann orðrétt: „Það gengur eitt yfir alla. Harpa er mjög stórt hús sem borgar fasteignagjöld í samræmi við það.“

Og stór er Harpa, það er alveg rétt, tæpir 29.000 m², en þó er hún ekki jafn stór og Kringlan sem er tæplega 41.000 m². Hún er heldur ekki jafn stór og Smáralind sem er rúmlega 62.000 m².

Samt borgar tónlistarhúsið Harpa meira í fasteignagjöld en verslunarmiðstöðvarnar tvær – samanlagt.

Eitt látið yfir (eiginlega) alla ganga

Nú er ekki auðvelt að ráða í hvaða skilning Björn leggur í orðtakið að eitt skuli yfir alla ganga – en því virðist einmitt þveröfugt farið þar sem Harpa er annars vegar og öll hin húsin hins vegar. Í vel unninni frétt Fréttablaðsins kom fram að fasteignagjöldin sem lögð eru á Hörpu væru ekki bara hærrí en af hinum miklu mammons-höllum. Þau eru líka hærrí en af Laugardalshöll, Egilshöll, Hofi á Akureyri, Háskólabíói, Borgarleikhúsinu, Þjóðleikhúsinu, Þjóðarbókhöðunni, Listasafni Reykjavíkur, Kjarvalsstöðum,

Þannig var það ekki. Að yfirveguðu ráði var tekin sú ákvörðun að allt það fé sem kæmi inn í þetta hús, sem er yfirfullt næstum alla daga af listþyrstu fólki, skyldi renna í fasteignagjöld. Ráðamenn hjá ríki og borg geta þráttað um það hvort og hvenær, hver og hvernig þetta hafi verið fyrirséð – í augum þeirra sem taka þátt er sú umræða kannski bráðskemmtileg en slíkt þras breytir hins vegar engu um þær skyldur sem þessir eigendur hússins hafa gagnvart því: að sjá til þess að hægt sé að reka húsið en það standi ekki bara þarna eins og jólatré frá því í fyrra.

Syndagjöld?

Þessi gjöld skella á starfsemi hússins af fullum þunga áður en hún er komin almennilega í gang, áður en það er fullgert eða fullnýtt, áður en farið er að reyna á það sem ráðstefnuhús – engu er líkara en að til standi að kæfa reksturinn í fæðingu.

Byggingarsaga Hörpu er svo sem skrautleg og hefur jafnvel orðið til þess að sumt fólk hefur hálfgerðan ímugust á húsinu; finnst það vera tákun um óráðsú og oflæti og ógöngur einkavæðingarinnar. Gætu hin glóruleasu fasteignagjöld nokkuð verið til vitnis um slík viðhorf? Þau endurspeglar byggingarkostnaðinn – fortíðina – fjárausturinn þá sem rann til verktaka – en ekki nútíðina, þá þróttmiklu liststarfsemi sem þar er þegar hafin við gróðarlega jákvæðar undirtektir almennings. Það er nánast eins og hér sé um að ræða einhvers konar syndagjöld – góð-

„Að yfirveguðu ráði var tekin sú ákvörðun að allt það fé sem kæmi inn í þetta hús sem er yfirfullt næstum alla daga af listþyrstu fólki – skyldi renna í fasteignargjöld.“

Listasafni Íslands, Salnum í Kópavogi og Gerðarsafni – samanlagt.

Þau eru hærrí en af nokkurri kirkju; tilbeiðsluhús raunar undanþegin slíkum gjöldum. Teitur Atlason hefur bent á að líta megi hæglega á Hörpu sem slíkt hús; eða hvað á að kalla þær kenndir sem fylla hugi fólks á meðan það situr í yfirfullum Eldborgarsal og hlýðir á fagra tóna líða þar um hvelfingarnar? Þær kenndir eru að minnsta kosti ekki þess eðlis að ástæða sé til að skattleggja þær sérstaklega eins og yfirvöld virðast vilja.

Fasteignagjöldin af Hörpu eru hærrí en af nokkru menningarhúsi nokkurs staðar á landinu – og þau eru meiri baggi á húsinu en vitað er til að sambærileg hús nokkurs staðar þurfi að burðast með.

Þessi stjarnfræðilegu fasteignagjöld eru reiknuð út frá stofn- og kostnaði en ekki rekstrarvirði sem einhver rök hljóta þó að hniga til og gildir almennt um hús sem hýsa atvinnustarfsemi. Talsmaður borgaryfirvalda lætur eins og hér sé ákvörðun sem nánast taki sig sjálf – sé næstum af guðlegum toga eða tekin af einhverri ótilgreindri vél, kannski hinni frægu computer-says-no.

ærisskatt. Listamennirnir látnir púla til að borga fyrir góðærisgreifana.

Nú hefur það lengi verið mikill plagsiður á Íslandi að miða húsbyggingar fremur við „þarfir atvinnulífsins“ en eiginlega þörf fyrir viðkomandi hús eins og áformin um Landspítalann eru til vitnis um. Þau virðast reist fyrir verktaka – allur stórhugurinn fer í vöxtinn og svo látið skeika að sköpuðu um reksturinn. Verði ekki breyting á viðhorfum stjórnvalda til Hörpu gæti hún orðið enn eitt dæmið um þetta fyrirhyggjuleysi og bráðlæti.

Það hafa ekki allir ímugust á Hörpu. Mörgum hefur hún einmitt orðið tákun endurreisnar og breyttra vinnubragða og viðhorfa, raunsæis, metnaðar og stolts án þess oflætis sem er systir vanmetakenndarinnar. Húsið á hvað sem öðru líður að geta orðið þjóðinni – og borginni – til mikils sóma í framtíðinni. En þá þarf að gefa starfsemi þar einhvern möguleika á því að vaxa og dafna; stjórnvöld mega ekki leggja eins og sauðkindur á nýgræðinginn undir eins og glittir í hann og naga hann ofan í rót svo að álfahöllin mikla breytist í óhrjálegt moldarbarð...



balletskóli
sigríðar ármann

Námskeið fyrir yngri nemendur og framhaldsnemendur

Ballet-leikskóli (1 kennslustund í viku, 3 – 4 ára)
Ballet-forskóli (1 kennslustund í viku, 4 – 6 ára)
Balletstig (2 – 3 kennslustundir í viku, 7 ára og eldri)

Vetrarstarf skólans skiptist í tvær annir. Fyrir jól er 12 vikna námskeið og eftir jól er 12 – 14 vikna námskeið.

Kennt er í Skipholti 35 í Reykjavík, og Íþróttahúsi Breiðabliks í Kópavogi. Frekari upplýsingar á www.balletskoli.is Skólinn er aðili að Frístundakorti ÍTR.

Innritun er hafin í síma 567 8965 og 588 4960



Í hjarta Reykjavíkur

LANDEY ÓSKAR EFTIR TILBOÐUM Í LINDARGÖTU 37

Lindargata 37 er 11 hæða lyftuhús með 31 íbúð. Húsið er 3.772,5 birtir fermetrar að stærð, staðsett á Lindargötu milli Frakkastígs og Vatnsstígs.

Eignin selst svo gott sem fullbúin að utan en foheld að innan. Húsið afhendist um mitt ár 2013.



101 Skuggahverfi er þyrping íbúðabygginga í miðborg Reykjavíkur á einum fegursta útsýnisstað borgarinnar þar sem íbúarnir njóta nálægðar við iðandi mannlíf og þjónustu sem miðborgin hefur að bjóða. Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Hátúni 2b í síma 594 4210 / 660 4210, netfang: thorsteinn@landey.is

LANDEY

Hátúni 2b | 105 Reykjavík | Sími 594 4200 | Fax 594 4201 | landey@landey.is | www.landey.is

Landey ehf. er dótturfélag Arion banka og fer með eignarhald bankans á nýbyggingum og fasteignapróunarverkefnum.

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

SPORT

UMRÆÐAN

ÚTVARP

LÍFIÐ

SJÓNVARP

HALLDÓR BALDURSSON

HALLDÓR

vísir
- oft á dag

AF NETINU

Ólögleg gisting

Athuganir benda til að fjórðungur gistirýmis á höfuðborgarsvæðinu sé utan laga og réttar. Ríkið hefur ekkert gert til að koma böndum á lögbrotin. Missir því af eðlilegum skatttekjum. Brýnna er að koma þessu í lag en að skattleggja meira þá sem starfa innan ramma laganna.

www.jonas.is

Jónas Kristjánsson

Getum við ekki lyft umræðunni upp á hærra plan?

Heilbrigðismál

Ólafur Sigurðsson
framkvæmdastjóri
Heilsustofnunar NLFÍ



Heilsustofnun NLFÍ (HNLFI) þjónustar um 1.700-2.000 Íslendinga á ári. Stofnunin er með þjónustusamning við ríkið, þar sem tiltekið er hvaða þjónustu eigi að veita og hvað greitt er fyrir. Okkur reiknast til að við veitum ríkinu mjög ódýra þjónustu. Við fullyrðum einnig að starf HNLFI hefur skilað þjóðfélaginu aftur því sem lagt er í það, með heilbrigðari einstaklingum. Hér var líka tekið til hendinni í kjölfar kreppunnar. Skorinn niður kostnaður frá 2009 um tæp 30%. Þrátt fyrir það hefur okkur verið hótað meiri niðurskurði nánast árlega.

Það er vont að vita af þessari hótun en verra að ekkert samráð

er haft við forsvarsmenn HNLFI. Mikil leynd hvílir yfir öllu. Samtímis sjáum við margan forráðamann heilbrigðisfyrirtækja geysast fram á fjölmiðlavöllinn og lýsa slæmu ástandi í rekstri. Þá vitum við að nú er að hefjast baráttan um fjárlagarammann. Við vonum að þessi fjölmiðlasirkus villi mönnum ekki of mikið sýn. Auðvitað bregður okkur þegar slíkur áróður byrjar, við höfum ekki fjölmiðlaráðgjafa.

Velferðarráðherra Samfylkingarinnar ásamt einum af fyrrum heilbrigðisráðherrum Vinstri grænna hótaði HNLFI miklum niðurskurði á árunum 2010 og 2011. Ráðherrarnir slógu samt í og úr. Á síðustu stundu náðist að draga núverandi ráðherra að samningaborðinu og úr varð samningur um áramótin síðustu.

Velferðarráðuneytið hefur einhliða vanefnt samninga á árunum 2009-2011, skorið niður fjárframlög sem nemur rúmlega 20% og tvisvar hótað okkur verulega meiri

niðurskurði. HNLFI hefur því átt á brattan að sækja í viðskiptum við núverandi stjórnvöld. Gæti það verið vegna þess að við stöndum upp og svörum fyrir okkur þegar að okkur er sótt? Erum þó vanir því að verja okkar málstað af einurð, höfum þurft þess, og oftast haft rétt fyrir okkur.

Allt frá 1927 sögðu NLFÍ-menn að reykingar væru hættulegar. Lengi fram eftir 20. öldinni sögðu þeir að hreyfing og hollt mataræði væri nauðsyn. Nú er þetta allt orðið almenn sannindi. Í dag segjum við að skortur á forvörn og endurhæfingu sé skaðlegur. Það er auðvitað rétt. Þessi skortur á eftir að kosta okkur mikla fjármuni. Kannski ekki á okkar tíð, sem erum á miðjum aldri, en þegar börnin okkar og barnabörnin fara

að borga heilbrigðisþjónustuna munu þau stynja undan.

Ég hef ekki heyrt mikið rætt síðustu misserin hvernig velferðarráðherra sér heilbrigðisþjónustu framtíðarinnar, sem við á HNLFI teljum okkur hluta af. Enn og aftur er verið að slökkva elda. Á fjórða ári eftir kreppu virðist ekki mikill áhugi á því að lyfta umræðunni um þennan mikilvæga lið á aðeins hærra plan. Ákvarðanir ríkisvaldsins um kaup á þjónustu eiga að byggja á góðri þekkingu á valmöguleikum, kostnaði og gæðum. Þannig fara stjórnvöld vel með almannafé.

Heilbrigðisþjónusta er ein af grunnþörfum okkar, við viljum ekki kasta til hendinni við hana. Heilbrigðiskerfið þarf stöðugleika og öryggi en ekki ákvarðanir

sem eru teknar einn daginn og dregnar til baka þann næsta.

Þegar svo við heyrum að upplýsingar um heilbrigðismál séu illa aðgengilegar, skortur á upplýsingum fyrir þá sem um eiga að sýsla (sjá skýrslu Boston Consulting Group), þá bregður okkur. Þá spyr maður sig: Reka ráðamenn fingurinn upp í vindinn og taka ákvörðun?

Nú skora ég á velferðarráðherra að hefja vinnu við að bæta úr þessu. Safna saman þeim upplýsingum sem hann þó hefur, og nota þær til að vinna, þó ekki nema grófa langtímaáætlun. Það er betra en ekkert.

Mín ráð til velferðarráðherra eru að sparnaði í heilbrigðiskerfinu til langs tíma verður ekki náð án þess að auka forvarnir og endurhæfingu. Slík fjárfesting skilar sér þó ekki á kjörtímabili stjórnmalamanna, hún er langtímasparnaður. Ráðherrann verður samt að muna eftir þessari mikilvægu þjónustu ef hann vill ná langtímasparnaði.

Berum ábyrgð á eigin heilsu.

Leiðarahöfundur fari rétt með

Jafnréttismál

Ögmundur Jónsson
innanríkisráðherra



Ólafur Þ. Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, vitnar í gamlar þingræður mínar um jafnréttismál í leiðara föstudaginn 31. ágúst. Það þykir mér ágætt. Enda fagna ég umræðu um jafnréttismál og mun gera mitt til að framhald verði á þeirri umræðu sem nú fer fram um þau.

Mikilvægt er að menn séu látnir njóta sannmælis og ummæli þeirra sett í rétt samhengi. Það gerir ritstjóri Fréttablaðsins ekki í umræddum leiðara sínum. Hann gerir tvær þingræður mínar að umfjöllunarefni. Hér ætla ég að fjalla um fyrri tilvitnun hans.

Ekki verður annað séð en leiðarahöfundur vilji gera því skóna að í þingræðu 15. apríl árið 2004 hafi ég verið að gagnrýna nýafstaðna ráðningu þáverandi dómsmálaráðherra. Í leiðaranum segir: „Þannig sagði Ögmundur í þingræðu 15. apríl 2004, rétt eftir að kærufndin hafði komizt að þeirri niðurstöðu að þáverandi dómsmálaráðherra hefði brotið jafnréttislög: „Það blasir við að ráðherra í ríkisstjórn verði settir á skólabeck til að læra jafnréttislögin. Ég ætla að gera það að tillögu minni að hæstv. forseti, þ.e. að hefja þá fræðslu sem hér er um rætt upp á hæstu stig. Ég tel að það sé eitt af því sem við þurfum að hafa verulega í huga, þ.e. uppfræðsla og umræða, og það er einmitt þess vegna sem ég, hæstv. forseti, sagði

á þann veg að Jóhanna Sigurðardóttir vísaði til þess að í Svíþjóð settust ráðherrar á skólabeck til að fræðast um jafnréttismál. Þetta tók þáverandi félagsmálaráðherra, Árni Magnússon, upp í andsvor og mæltist honum svo: „Hæstv. forseti. Mér finnst það ágæt hugmynd hjá hv. þm. að Alþingi verði með einhverjum hætti gerð grein fyrir þeirri úttekt sem við ræðum hér um að fari fram á miðju tímabilinu. Ég mun beita mér fyrir því að svo verði, hvort sem það verður í sölu Alþingis eða gagnvart félm. Hv. þm. vitnaði líka til aðferða Svía við að uppfræða ráðherra í ríkisstjórn um aðferðafræði og gildi jafnréttis-

hugsjónar. Hv. þm. hefur sjálfsagt

í inngangsræðu minni að ég fagnaði þeirri umræðu sem hefði átt sér stað um jafnréttismál á undanförunum dögum, vikum og mánuðum.“

Næstur á mælendaskrá var undirritaður og mælti ég svo: „Hæstv. forseti. Þessi umræða er að verða nokkuð spennandi. Það blasir við að ráðherra í ríkisstjórn verði settir á skólabeck til að læra jafnréttislögin. Ég ætla að gera það að tillögu minni að hæstv. félm. sjái um að þeir tornæmustu í jafnréttisfræðunum fái sérkennslu. Ef við víkjum að þessari þáttill. þá kemur fram í greinargerð með henni að samkvæmt lögum frá árinu 2000, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, beri félm. að leggja

Mikilvægt er að menn séu látnir njóta sannmælis og ummæli þeirra sett í rétt samhengi. Það gerir ritstjóri Fréttablaðsins ekki í umræddum leiðara sínum.

eins og ég átt samtöl við fyrrum ráðherra jafnréttismála Svía, Margaretu Winberg. Hún lýsti því með mjög skemmtilegum hætti í fyrirllestri í Norræna húsinu sl. haust, hæstv. forseti, hvernig hún nánast í líkingamáli tók ráðherrana á hné sér og las þeim pistilinn. Kannski er það eitthvað sem við ættum að velja fyrir okkur í samfélagi okkar, hæstv. forseti, þ.e. að hefja þá fræðslu sem hér er um rætt upp á hæstu stig. Ég tel að það sé eitt af því sem við þurfum að hafa verulega í huga, þ.e. uppfræðsla og umræða, og það er einmitt þess vegna sem ég, hæstv. forseti, sagði

fram jafnréttisáætlun til fjögurra ára í senn. Það er hún sem hér er til umfjöllunar...“

Síðan fjallaði ræða mín um jafnréttisáætlun og hvaða leiðir mætti fara til að ná jafnrétti kynjanna einkum á vinnumarkaði. Það er því rangt að gera því skóna að samhengið hafi verið umfjöllun um tiltekna ráðningu til starfs. En hvað fræðsluna áhræfir er ég enn þeirrar skoðunar að umræða og fræðsla um jafnréttismál sé eftirsóknarverð. Telji einhver mig sérstaklega tornæman í þessum efnum, þá tek ég gjarnan á móti upplýsingum og fræðslu.

Kvikmyndahús – slæmur félagsskapur fyrir börn?

Uppeldi

Pétur Rúðrik Guðmundsson
foreldri og guðfræðinemi



Þegar ég reyndi að koma í Sveg fyrir að börnin mín lenti í slæmum félagsskap, sem gæti skilið eftir sig ör alla þeirra ævi. Ég er mjög meðvitaður um hverji eru að leika við börnin mín og hvar þau eru að leika sér. Ég reyndi að fylgja samfélagslegum viðmiðum um útivistartíma og annað sem snýr að lögum og reglum gagnvart börnum mínum.

Ég fór í bíó um daginn og þar voru til sýningar nýjustu Leðurbloku- og Kóngulóarmyndirnar. Mér var lítið á hvaða aldri væri leyfilegur á þessar myndir og sá að þar var táknið 7, sem miðast við að ekki sé mælt með þeim fyrir börn undir sjö ára aldri. Ég hef mjög gaman af svona ofurhetjum og finnst gaman þegar ég get tekið strákinn með, því honum þykir ofurhetjumyndir mjög skemmtilegar. Ég fór með hann á myndina John Carter fyrir nokkru síðan. Hún var einnig með táknið 7. Eftir að hafa horft á hana með drengnum, þá fannst mér ekki allt vera með felldu miðað við hvað það voru ljót atriði í myndinni. Ég ákvað að kíkja á netið og reyna að finna hvaða aldursflokki myndin tilheyrði og þar kom í ljós að hún var merkt „PG-13“ af framleiðendum.

Í ljósi þessarar reynslu, þá ákvað ég að kynna mér aðeins umfjöllun um þessar tvær nýju ofurhetjumyndir. Þar eru flestir sammála um að þær séu frekar drungalegar og þarna sé verið að höfða meira til fullorðinna en barna. Einn gagnrýnandinn sem skrifaði um Kóngulóarmanninn sagði að sér hefði fundist hann vera á skrímslamynd eftir hlé. Þetta er auðvitað huglægt mat þeirra sem hafa verið að skrifa um myndirnar. Ég fór því á netið og skoðaði síðu sem kvikmyndahúsin vísa sjálf á (www.imbd.com). Þar kom í ljós að þær eru með merkingu „PG-13.“ Sem samkvæmt Motion Picture Association of America (MPAA) þýðir að atriði í myndinni séu ekki við hæfi barna undir 13 ára aldri. „PG-13 – Parents Strongly Cautioned – Some Material May Be Inappropriate For Children Under 13. These films may contain sex references, up to four uses of explicit language, drug innuendo, strong crude/suggestive humor, mature/political themes, moderately long horror moments,

and/or moderate action violence.“ Af hverju eru íslensku kvikmyndahúsin að breyta þessum merkingum og hver gefur þeim leyfi til þess?

Nýlega fór maður að nafni James Holmes inn í kvikmyndahús í Bandaríkjunum þar sem verið var að sýna nýjustu Leðurbloku myndina og skaut þar til bana tólf manns og særði 58 manns. Hann kallaði sig „Jókerinn“ sem er einn af höfuðandstæðingum Leðurbloku mannsins. Þó að kvikmyndaframleiðendur muni reyna að sannfæra okkur um að þessi hegðun hafi ekkert með kvikmyndir þeirra að gera, þá er ég nokkuð viss um að svo sé. Ég spyr því sjálfan mig, ef kvikmyndir geta mögulega haft svona áhrif á doktorsnemann James Holmes,

Af hverju eru íslensku kvikmyndahúsin að breyta þessum merkingum og hver gefur þeim leyfi til þess?

hvernig mótar þetta og hefur áhrif á börnin okkar þegar þau horfa á það ofbeldi og þann ljótleika sem þessar myndir hafa fram að færa?

Mögulega eru ekki til lög eða reglugerðir um aldurstakmark fyrir þá sem sækja kvikmyndir eða þá að eftirlitsaðili stendur sig ekki hvað þessi mál varðar. Hvað er þá til ráða? Finnst okkur sem foreldrum að þetta hafi það lítil áhrif á líðun og hegðun barna okkar að við þurfum ekkert að bregðast við þessu?

Ég ætla allavega ekki að taka þá áhættu að barnið mitt taki upp á því að fara í kvikmyndahús í framtíðinni með skotvopn og skjóti til bana gesti kvikmyndahúsa. Þar á meðal önnur börn til að herma eftir uppáhalds ofurhetju eða ofurskúrki.

Ég mun áfram fara í kvikmyndahús í fylgd barna minna en ég mun vera varkárari, þar sem félagskapinn tel ég vera slæman. Ég ætla einnig að benda öðrum á þennan slæma félagsskap sem kvikmyndahúsin eru á meðan vinnubrögð þeirra eru eins og raun ber vitni. Persónulega finnst mér gaman að fara í bíó eins og mörgum landsmönnum en mér finnst það vera lágmarksþinglaða af forsvarsmenn kvikmyndahúsa séu heiðarlegir í samskiptum við okkur. Það á ekki að þurfa lög og reglugerðir.

Gallerí Fold 1992–2012

Gallerí Fold 20 ára afmælisuppboð

mánudaginn 3. september, kl. 18
í Gallerí Fold, á Rauðarárstíg



Kristín Jónsdóttir

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.

Verkin verða sýnd mánudag 10–17

Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is



HAUSTÚTSALA

GÍRAÐU ÞIG UPP

SPARAÐU ALLT AÐ **50%**

SIMMS GORE-TEX VÖÐLUR

Eldri gerðir



SIMMS

25 TIL 40% AFSLÁTTUR

SAGE FLUGUSTANGIR

SAGE

Eldri gerðir



25% AFSLÁTTUR

FLUGUSTANGIR

SCIERRA

REDINGTON



ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

KASTSTANGIR

ION THOMPSON

ION THOMPSON



ALLT AÐ 50% AFSLÁTTUR

ÖNDUNARVÖÐLUR

ION THOMPSON



SCIERRA

ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

FLUGUHJÓL



ALLT AÐ 30% AFSLÁTTUR

KASTHJÓL

okuma

ION THOMPSON



40% AFSLÁTTUR

SPÚNAR



10 STK Á AÐEINS 1.999

FLUGULÍNUR

RIO

REDINGTON

SCIERRA



ALLT AÐ 40% AFSLÁTTUR


VEIÐIHORNID

SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410



Veiðihornið er Simms búðin

FLUGUR OG TÚPUR



20% AFSLÁTTUR



47

VILBORG DAVÍÐSDÓTTIR rithöfundur er 47 ára í dag.
„Pabbi minn hefur sagt að sé ekki til fyrir bók þá sé ekki til fyrir brauði.“

PETTA GERÐIST: 3. SEPTEMBER 1995

Ebay á netið

Húsmunir, tölvur, farartæki, föt og safngripir í misjöfnu ásigkomulagi eru á meðal þess sem er skráð, boðið í og selt í milljónatali á hverjum degi á vefsíðunni Ebay sem var stofnuð á þessum degi árið 1995. Stofnanda vefsíðunnar, hinum fransk-írnska forritara Pierre Omidyar, hefur sjálf sagt ekki órað fyrir vinsældum síðunnar þegar hann fór fyrst af stað með hana undir heitinu AuctionWeb það ár. Fyrsti hluturinn sem seldist á vefsíðunni var bilaður leysibendill sem fór á 14,83 dollara. Undrandi spurði Omidyar kaupandann hvort hann áttaði sig á í hvers konar ásigkomulagi bendillinn væri og fékk það svar að hann safnaði biluðum leysibendlum. Segja má að það hafi gefið tóninn þar sem hlutirnir á síðunni hafa allar götur síðan verið í æði misjöfnu ásigkomulagi, allt frá biluðum leysibendlum upp í sportbíla beint úr kassanum.

Fyrirtækið Ebay Inc. sem stendur á bak við síðuna, fékk heitið Ebay árið 1997 og var sett á hlutabréfamarkað árið 1998. Það á nú fyrirtæki eins og PayPal, Skype og StubHub og veltir himinháum fjárupphæðum á ári hverju.



EIÐUR GUÐNASON Fékk lítil viðbrögð við málfarsáþendingum sem hann sendi fjölmiðlum og byrjaði því að blogga. Þúsundasti pistillinn birtist í vikunni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

EIÐUR GUÐNASON: ÞÚSUNDASTI MOLANN UM MÁLFAR OG MIÐLA

Fær þakkir frá fólki úti á götu

Eiður Svanberg Guðnason, fyrrverandi ráðherra og sendiherra, hefur verið iðinn við kolann að benda á það sem betur mætti fara í málfari fjölmiðla. Athugasemdir sínar birtir hann á vefsíðunni undir yfirskriftinni Molar um málfar og miðla á léninu Eidur.is sem og á vefsíðu DV. Pistlarnir eru tölusettir. Þegar þetta er skrifað er þeir orðnir 996 að talsins og hillir því undir þann þúsundasta.

„Ætli hann birtist ekki um miðja viku, kannski á fimmtudag,“ segir Eiður, sem var að horfa á arabísku sjónvarpsstöðina Al Jazeera þegar Fréttablaðið sló á þráðinn.

Eiður segir að sig hafi ekki grunað að pistlar hans ættu eftir að verða svo margir þegar hann byrjaði að skrifa þá.

„Upphafið að þessu var að ég var farinn að hnjóta dálítið um málvillur, sérstaklega í sjónvarpi og útvarpi, og tók upp á því að senda fréttastofu Ríkisútvarpsins tölvuskeyti með vinsamlegum áþendingum. Ég gerði þetta alloft en fékk lítil sem engin viðbrögð. Þá datt mér í hug að byrja á þessum pistlum og fór að lesa blöðin og vefmiðlana með dálítið öðru hugarfari. Þannig fæddist þetta og ég skrifa að jafnaði svona fimm til sex sinnum í viku.“

Eiður var sjálfur blaðamaður á Alþýðublaðinu á árum áður og síðar fréttamaður hjá Sjónvarpinu.

„Þar voru gerðar miklar kröfur um málfar, sérstaklega á fréttastofu

Pað er eins og menn setjst niður og skrifi eða þýði frétt og það sé bara birt án þess að nokkur lesi yfir til að laga villur eða samræma textann.

Sjónvarpsins þar sem séra Emil Björnsson fréttastjóri las yfir allar fréttir. Maður var því alltaf að vanda sig.“

Margt hefur breyst síðan Eiður starfaði á fjölmiðlum og hann grunar að yfirllestur hafi minnkað með árunum.

„Á fjölmiðlum vinnur fullt af góðu fólki sem hefur gott vald á málinu. En það er of mikið um að fólk sem hefur ekki máleyra, ef svo má segja, vinni að því er virðist eftirlitslaust. Það er eins og menn setjst niður og skrifi eða þýði frétt og það sé bara birt án þess að nokkur lesi yfir til að laga villur eða samræma textann. Þetta er sérstaklega áberandi á sumrin, þegar afleysingafólk er við störf.“

Eiður tekur eftir mörgum ambögum sjálfur en fær líka áþendingar frá lesendum, bæði í tölvupósti og í athugasemdakerfinu á heimasíðu sinni.

„Ég er greinilega ekki einn um að taka eftir þessu og án þess að vilja

vera að monta mig er það ótrúlega algengt að ókunnugt fólk víki sér að mér úti á götu og þakki mér fyrir molana. Það þykir mér vænt um og er hvetjandi.“

Eiður ætlar að halda molaskrifum áfram um sinn en veit ekki hversu lengi. En telur hann að molarnir hafi skilað árangri og bætt málfar meðal blaðamanna?

„Ég get ekki mælt það en ég veit að þetta er lesið á ritstjórnun og fréttastofum. Einn ritstjóri þakkaði mér fyrir og sagði að ein frétt sem ég minntist á hefði verið svo slæm að hann hefði veitt viðkomandi blaðamanni svolitla áminningu. Ég hef það fyrir sið að nafngreina helst ekki nema ég sé að hæla mönnum en þeir sem eiga í hlut og lesa pistlana vita auðvitað upp á sig sökina.“

Ekki eru allir ánægðir með áþendingar Eiðs, enda getur hann verið harður í horn að taka. Sumum finnst hann helst til neikvæðu og hnýta í hann fyrir að gera sjálfur stundum innsláttarvillur. Eiður lætur það ekkert á sig fá.

„Ég hef því miður aldrei kunnað að vélrita,“ segir hann og hlær. „Það getur líka verið erfitt að lesa próförf af tölvuskjá og þegar maður er að lesa eigin texta hættir manni til að lesa í málið og þá fara villurnar fram hjá manni. Ég reyni þó að vanda mig og geri mitt besta. En þetta sýnir einmitt hvað yfirllestur er mikilvægur.“

bergsteinn@frettabladid.is



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

GRÉTAR SIGURÐSSON
bókbindari,
Hvassaleiti 109,

sem lést á Landspítalanum laugardaginn 25. ágúst, verður jarðsönginn frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 6. september kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á líknarfélög.



Ingveldur Fr. Sigmundsdóttir
Sigmundur P. Grétarsson
Ómar Grétarsson
Rúnar Grétarsson
Guðrún Erla Grétarsdóttir
og barnabörn.

Eirný Valsdóttir
Jóna Grétarsdóttir
Anton Brink Hansen



Innilegar þakkir færur við þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

ÞÓRHILDAR RÖGNUM KARLSDÓTTUR
Hjarðarhaga 26.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sóltúns fyrir frábæra umönnun og ástúð.



Karl Þorsteinsson
Guðbjörg Þorsteinsdóttir
Baldur Þorsteinsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Margrét Geirrún Kristjánsdóttir
Halldór Bjarnason
Linda Udengaard



Elskuleg móðir mín, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

KRISTÍN GUNNLAUGSDÓTTIR
Suðurgötu 17-21, Sandgerði,
áður Túngötu 23,

lést á Hjúkrunarheimilinu Garðvangi, Garði, sunnudaginn 26. ágúst. Kristín verður jarðsöngin frá Safnaðarheimilinu Sandgerði miðvikudaginn 5. september kl. 13.



Gunnlaugur Þór Hauksson
Guðný Adólfssdóttir
barnabörn og barnabarnabörn
Hilmar Gunnlaugsson
Gylfi Gunnlaugsson

Ólafía Lúðvíksdóttir
Málfríður Þórðardóttir

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Gráösp valin tré ársins

Skógræktarfélag Íslands útnefni gráösp Tré ársins 2012 við hátíðlega athöfn að Brekkugötu 8 á Akureyri í gær. Tréð er í eigu Sigríðar Maríu Hammer og Páls Steindórs Steindórssonar.

Gráösp (*Populus x canescens*) er blendingur milli blæspar og silfuraspar. Hún er sjaldgæf hér á landi en er notuð sem garð- og borgartré víða í Evrópu, Vestur-Asíu og Suður-Rússlandi. Uppruni trésins við Brekkugerði 8 er á reiki en talið er að það hafi verið gróðursett um miðjan fjórða áratuginn.

Skógræktarfélag Íslands útnefni árlega Tré ársins í þeim tilgangi að beina sjónum almennings að því gróskumikla starfi sem unnið er um land allt í trjá- og skógrækt og benda á menningarlegt gildi einstakra trjáa um allt land. Magnús Gunnarsson, formaður Skógræktarfélags Íslands, og Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, fluttu ávörp við athöfnina í gær og veitti Magnús þeim Sigríði og Páli viðurkenningu.



GRÁÖSP VIÐ BREKKUGÖTU Gráöspin er blendingur milli blæspar og silfuraspar og nokkuð sjaldgæf hér á landi. MYND/ EINAR GUNNARSSON

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



TÍMI FYRIR KERTALJÓS

September er skemmtilegur tími fyrir þá sem unna kerta-
ljósi. Þegar logn er að kvöldi er fallett að kveikja á kertum,
setja í lugtir og lýsa upp pallinn eða svalirnar. Kertaljós skapa
rómantíska og róandi stemningu á ljúfum haustkvöldum.



Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á
sjálfvirkan hurða-
opnunarbúnað ásamt
uppsetningu og
viðhaldi

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir
aðgengi fatlaðra.
Áratuga reynsla af búnaði
tryggir gæðin.

JARN&GLER

Járn & Gler ehf. - Skútuvegur 1h.
Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík
S: 58 58 900-
www.jarnogler.is



FÁ NÝTT HLUTVERK

UMHVERFISVÆNT Kristín Guðmundsdóttir leggur sitt af mörkum til að
minnka sorpið í heiminum. Hún heldur námskeið þar sem gamlir kaffipokar
eru endurnýttir og hinir ýmsu hlutir búnir til úr þeim.

Kristín Guðmundsdóttir kennari
hefur undanfarið kennt fólki að búa
til veski, töskur, skálar og fleira úr
tómum kaffipokum á námskeiðinu Nýju
fötin keisarans hjá Klifinu, Fræðslusetri.
„Ég byrjaði að kenna þetta í fyrravetur en
ég rakst inn á námskeið þar sem kona frá
Danmörku var að sýna þessa aðferð og
fannst þetta áhugavert. Hún var að búa
til töskur úr pokunum en ég hef þróað
hugmyndina frekar og hef búið til töskur,
buddur, skálar, skartgripni, nálapúða og
margt fleira,“ segir Kristín.

Hún segist sjálf hafa verið fljót að
ná aðferðinni sem notuð var, enda ekki
flókin. „Það er hægt að endurvinnna
ýmislegt með þessum hætti. Það má til
dæmis nota poka utan af kartöflufloögum.
Senseo-kaffipokarnir eru tilvaldir því
þeir eru þunnir. Einnig má nota aðra
kaffipoka. Það er líka fallett að blanda
ólíkum pokum saman en þá þarf að gera
það á smekklegan hátt. Þetta er ekki dýrt
efni en það er talsverð vinna í þessu.

Þetta er ljómandi aðferð til að endurnýta
eitthvað af því efni sem fellur til á hverju
heimili. Við drekkum flest kaffi og fleygjum
pokunum. Með þessu getum við minnkað
ruslið í heiminum. Við eigum að endurnýta
hluti, annars fyllum við heiminn af rusli.“

Kristín er 78 ára og hefur
kennt í meira en fimmtíu ár. „Ég
var rúmlega tvítug þegar ég varð
skólastjóri Húsmæðraskólans
á Staðarfelli. Þar kenndi ég
vefnað og ýmislegt bóklegt. Ég
hef víða komið við í kennslu og
kennt margt, svo sem bókband,
postulínsmálun, silfursmíði, keramik
og glerlist. Ég hef kennt hjá félagsstarfi
aldrara í Kópavogi í mörg herrans ár.
Svo kenndi ég líka í Kvöldskóla Kópavogs
og kenni nú í Klifinu, fræðslusetri í
Garðabæ. Þar hef ég haldið tvö námskeið
og verð með það þriðja í þessari viku.
Það er gaman að umgangast fólk og það
eykur þroska og þekkingu að gera það,“
segir Kristín.



UMHVERFISVÆNT
Kristín hefur breytt
gömlum kaffipokum í
eígulegustu hluti eins og
töskur, skálar, nálapúða
og fleira.

HIÐ SLUTÆKI

Passaðu vel uppá rafgeyminn í vetur.



SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Gerið gæða- og verðsamanburð

NÝTT

BOAS RAFDRIFNIR
Leður hægindasófar
og stólar

Ný sending
af hágæða
sængurverasettum

12 mánaða
vaxtalausar
greiðslur*

Svefn & heilsa



www.svefn.is

*3,5% lántökugjald

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 • Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 • laugardaga 12.00 - 16.00



TRX



ELIN.IS

Bæjarhraun 2 - 2. hæð
220 Hafnarfjörður
S.: 696-4419
elin@elin.is

Ný námskeið hefjast 3. og 4. september
Umhverfið er hlýlegt og róandi



Hiti í bústaðinn



Ryðfrír neysluvatnshitara, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitara til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.

Rafhitara fyrir heita potta



Rafhitun

íslensk
framleiðsla
í 20 ár

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitun.is

ÓRÆTT HLUTVERK

ÍSLENSK HÖNNUN Brynjar Sigurðsson fékk innblástur af verkfærum hákarla-veiðimanns á Vopnafirði og hannaði húsgögn með órætt hlutverk.

Þetta er mitt á milli húsgagns og verkfæris og jafnvel skúlptúrs," segir Brynjar Sigurðsson vöruhönnuður um nýjustu línu sína, Prik, sem hann vann í samvinnu við Spark Design Space á Skólavörðustíg. Brynjar útskrifaðist frá LHÍ árið 2009 en línan er framhald af útskriftarverkefni hans. Brynjar vann útskriftarverkefnið út frá upplifun sinni af Vopnafirði.

HJÁ VEIÐIMÖNNUM

„Ég dvaldi þar í tæpan mánuð og gerði víðtæka rannsókn á staðnum. Hitti fólk, bændur og veiðimenn og spilaði körfubolta með prestinum. Síðustu dagana var ég hjá hákarlaveiðimanni og lærði að hnýta net. Hlutir sem voru eingöngu praktískir í augum veiðimannsins, fundust mér ótrúlega fallegir og út frá því fór ég að gera tilraunir með bindingar. Ég hannaði húsgögn en vildi ekki gefa þeim hlutverk, fannst það ekki mitt að skilgreina það. Þegar þau hjá Sparki höfðu samband við mig um að hanna vörulínu þróaðist hugmyndin um prikið. Við notum prik svo oft og til svo ólíkra hluta," útskýrir Brynjar.

Hann segir upplifunina á Vopnafirði hafa reynst honum drjúgur hugmynda-banki sem hann leiti aftur og aftur í. Sjálfur er hann borgar barn í húð og hár. „Oft keyrir maður bara í gegnum bæina og stoppar stutt en með því að dvelja þennan tíma tók ég eftir hlutum sem ég annars hefði ekki gert. Ég gæti vel hugsað mér að vinna svona aftur.“

POSTULÍN OG GLER

Brynjar er nú búsettur í Lusanne í Sviss en hann lauk mastersnámi frá ECAL fyrir ári. Hann starfar nú sem aðstoðarkennari við skólann auk þess sem hann vinnur sjálfstætt á vinnustofu sinni og hefur ýmis járn í eldinum.

„Ég hef verið að vinna með gler-rannsóknarsetri í Marseille og postulíns-framleiðanda í París og einnig hönnunargalleríi í París, Galerie Kreo. Ég er að undirbúa sýningu þar á næsta ári á húsgagnalínu sem einnig unnin er út frá Vopnafjarðarverkefninu," segir Brynjar og hefur í nógu að snúast. ■ heida@365.is



NOTUM PRIK TIL ÓLÍKRA HLUTA Brynjar Sigurðsson vöruhönnuður sýnir nýja vörulínu í Spark Design Space. MYND/STEFÁN

SÝNING

Nánar má forvitnast um hönnun hans á heimasíðunni, www.biano.is. Sýning Brynjars í Sparki stendur til 10. október.



THE SINKING OF THE LACONIA

FYRRI HLUTI Í KVÖLD KL. 21.40

TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

HEIMA VIÐ | MARGRÉT WEISSHAPPEL, NEMI Í GRAFÍSKRI HÖNNUN

SEFUR Á STÓRU SKÝI

■ Margrét Weissappel hóf nýverið nám í grafískri hönnun í Listaháskóla Íslands en hún eignaðist litla dóttur, Matthildi Eliu, fyrir mánuði síðan. Hún býr í kjallaraíbúð ásamt kærasta sínum og gengur vel að skipuleggja sig, þótt það sé nóg að gera.

